



Ársskýrsla
Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
2023-2024

Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2023-2024

Ritstjórar: Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Forsíðumynd er tekin af Þórdísi Þórisdóttur í sameiginlegri vettvangsferð Krókaóðilahóps og 1. bekkjar í fjöruna við Belgsholt.

Skýrslan er aðgengileg á vef Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	6
2.1	Hagnýtar upplýsingar um skólann	6
2.2	Breytingar og viðhald	6
3	Skóladagatöl 2023-2024	6
3.1	Skóladagatal Skýjaborgar	7
3.2	Skóladagatal Heiðarskóla	8
4	Starfsmenn	9
4.1	Breytingar í starfsmannahópnum	11
4.2	Stjórnun og verkaskipting	11
4.3	Upplýsingaflæði	11
4.4	Skipulagsdagar	12
4.5	Fundir	13
4.6	Símenntun	14
4.7	Námskeið og ráðstefnur	14
5	Áherslur vetrarins 2023-2024	16
5.1	Skólanámskrá	16
5.2	Umhverfismennt	16
5.3	Skólasamstarf	18
6	Mat á skólastarfi	20
6.1	Innra mat	20
6.2	Ytra mat	20
7	Nám og kennsla	21
7.1	Fjöldi barna í Heiðarskóla	21
7.2	Fjöldi barna í Skýjaborg	21
7.3	Sameiginlegar skýrslur 2023-2024	22
	Skýrsla sérkennara 2023-2024	22
7.4	Skýrslur Heiðarskóla 2023– 2024	24
	Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2024	24
	Teymisskýrsla miðstigs vorið 2024	27
	Teymisskýrsla unglíngastigs vorið 2024	30
	Skýrsla List- og verkgreinakennara vorið 2024	32
	Skólaþróttir vorið 2024	35
	Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2024	37

Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Heiðarskóla.....	38
Skýrsla ÍSAT kennsla vorið 2024	39
Skýrsla frá leiðtoga í Byrjendalæsi.....	39
Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns Heiðarskóla vorið 2024.....	40
Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2024	41
Samantekt - mötuneyti vorið 2024.....	41
Skýrsla - tómstund vorið 2024.....	41
Skýrsla – frístund vorið 2024.....	42
Skýrsla SumarGaman – ágúst 2023	43
Skýrsla SumarGaman í júní 2024	44
7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2023-2024.....	45
Deildarskýrsla Regnbogans 2023-2024	45
Deildarskýrsla Dropans 2023-2024	48
Skýrsla leikskólasérkennara 2023-2024	50
7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu	51
Skýjaborg51	
Heiðarskóli.....	54
8 Foreldrasamstarf.....	58
8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	58
8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	59

1 Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starfsemi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2023-2024. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið. Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einum eða öðrum hætti. Skólastjórar, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, ritstýra verkinu.

Skýrslan er send til fræðslunefndar, til skólaráðs og foreldrafélags, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Hvalfjarðarsveit, 2024
Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla

2 Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og útinám. Unnið er með byrjenda- og leikskólalæsi. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í Melahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólastarfinu. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er grunnskóli með 90 - 100 nemendum í 1. - 10. bekk. Árið 2011 var skólinn fluttur í nýtt húsnæði. Skólinn stendur við Leirá, stutt er í ósnortna náttúru og skemmtileg skólalóð er við skólann. Í skólanum er lögð áhersla á umhverfismennt, útinám, lýðræði og uppeldi til ábyrgðar.

2.1 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Heimasíða: www.skoli.hvalfjardarsveit.is

Grunnskólasvið:
Heiðarskóli
301 Akranes
s: 433 8525
Skólastjóri: Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Leikskólasvið:
Skýjaborg
Innrimel 1, 301 Akranes
s: 433 8530
Skólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

2.2 Breytingar og viðhald

Skýjaborg: Almennt viðhald. Borið var á hluta húss að utan sumar 2024. Gert var við leiktæki á stærri lóð sumar 2024.

Heiðarskóli: Almennt viðhald, snerlar, gluggar og hurðir og húshitunarkerfi. Auk þess fór aðili frá Verkís yfir loftgæði í tveimur rýmum og í framhaldi var loftæsting framlengd í búi í mötuneyti, lagnafestingar settar í loft og frágangur á neysluvatnskistu breytt.

3 Skóladagatöl 2023-2024

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar gefur út tvö skóladagatöl, eitt fyrir Skýjaborg og annað fyrir Heiðarskóla. Skóladagatölin eru samræmd eins og kostur er til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á auknu samstarfi milli sviða. Skóladagatölin eru samþykkt af Skólaráði og Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar að vori.

3.1 Skóladagatal Skýjaborgar

Samband íslenskra sveltarráða		Leikskóladagatal 2023 - 2024												Nam skóla:		Skýjaborg								
ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ	AUGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ	AUGÚST
1. Þ	1. Þ	1. S	1. M	1. F	1. F	1. F	1. F	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M
2. Þ	2. L	2. M	2. F	2. L	2. Þ	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S
3. Þ	3. S	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L
4. Þ	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S	4. S
5. Þ	5. Þ	5. S	5. F	5. Þ	5. M	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L	5. L
6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M
7. Þ	7. F	7. L	7. Þ	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S	7. S
8. Þ	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S
9. Þ	9. M	9. M	9. F	9. Þ	9. M	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L	9. L
10. Þ	10. S	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L
11. Þ	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S	11. S
12. Þ	12. Þ	12. S	12. F	12. Þ	12. M	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L	12. L
13. Þ	13. F	13. F	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M
14. Þ	14. F	14. L	14. Þ	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S
15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. F	15. M	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L	15. L
16. Þ	16. M	16. M	16. L	16. M	16. F	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S	16. S
17. Þ	17. F	17. L	17. Þ	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S
18. Þ	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S
19. Þ	19. M	19. M	19. F	19. Þ	19. M	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L	19. L
20. Þ	20. S	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L	20. L
21. Þ	21. F	21. L	21. Þ	21. S	21. M	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L	21. L
22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. F	22. M	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L	22. L
23. Þ	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S	23. S
24. Þ	24. F	24. L	24. Þ	24. S	24. M	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L
25. Þ	25. M	25. M	25. L	25. M	25. F	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S
26. Þ	26. M	26. M	26. F	26. Þ	26. M	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L	26. L
27. Þ	27. F	27. L	27. Þ	27. S	27. M	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L	27. L
28. Þ	28. F	28. S	28. M	28. F	28. M	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L	28. L
29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. F	29. M	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L	29. L
30. Þ	30. L	30. M	30. F	30. M	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L	30. L
31. Þ	31. F	31. L	31. Þ	31. S	31. M	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L

Samkvæmt kjarasamningi sveltarráða við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu akveðin af skólajöfra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

3.2 Skóladagatal Heiðarskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2023 - 2024												Heiðarskóli	
Nafn skóla:															
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ					
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L					
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S					
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M					
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ					
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M					
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F					
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F					
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 Þ	8 L					
9 M	9 L	9 M	9 Þ	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S					
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M					
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 Þ	11 M	11 F	11 L	11 Þ					
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M					
13 M	13 F	13 F	13 M	13 L	13 L	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F					
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 S	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F					
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 S	15 M	15 L					
16 L	16 M	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S					
17 F	17 S	17 M	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 Þ					
18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 F	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ					
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M					
20 S	20 M	20 F	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F					
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 S	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F					
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 L	22 M	22 L					
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S					
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M					
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ					
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M					
27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 F	27 M	27 L	27 M	27 F					
28 M	28 F	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F					
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 L	29 F	29 M	29 Þ	29 L					
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S					
31 F	31 M	31 Þ	31 S	31 M	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F	31 S					

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda á samráði við kennara og með hlífðunni af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4 Starfsmenn

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir stöðugildi og starfsfólk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, starfsheiti þeirra, ráðningarhlutfall og helstu athugasemdir varðandi ráðningu og leyfi.

Á skólaárinu störfuðu samtals 50 starfsmenn, allt skólaárið eða að hluta, við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Þar af hætti einn strax um haustið og 4 starfsmenn voru í leyfi allt skólaárið eða stóran hluta úr skólaárinu.

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Heiðarskóli:			
1	Kristel Ýr Guðmundsdóttir	Frístund	50	
2	Anna Guðrún Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi	78	75 á vorönn
3	Anna Rún Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi	71	
4	Berglind Bergsdóttir	Umsjónarkennari	100	
5	Erna Elvarsdóttir	Skólaliði	50	Í mótuneyti, leyfi á haustönn
6	Erna Rafnsdóttir	Leiðbeinandi	70	
7	Eyrún Sif Ólafsdóttir	Umsjónarkennari	100	
8	Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi og frístund	100	
9	Guðlaug Sara Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	71	
10	Halldóra Andrésdóttir	Stuðningsfulltrúi	88	
11	Heiða Arnþórsdóttir	Umsjónarkennari	100	
12	Helena Bergström	Grunnskólakennari	100	
13	Hildur Jónsdóttir	Umsjónarkennari	81	
14	Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir	Skólaliði	88	
15	Jóhanna S Vilhjálmsdóttir	Stuðningsfulltrúi	60	
16	Máni Björgvinsson	Leiðbeinandi	100	
17	Katrín Rós Sigvaldadóttir	Náms- og starfsráðgjafi – kennari	100	
18	Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	100	Þar af 19 í Skýjaborg – leyfi 1.09.23 – 29.02.24
19	Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100	
20	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Skólastjóri	100	
21	Sigríður Sjöfn Helgadóttir	Sérkennari	50	Hóf störf 1.02.24
22	Sigrún Vigdís Gylfadóttir	Sérkennari	100	
23	Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari	100	
24	Sigurður Þ. Sigurbórsson	Aðstoðarskólastjóri	100	
25	Sóley Bára Bergsteinsdóttir	Umsjónarkennari	100	
26	Sólrún Jørgensdóttir	Skólaliði	91	
27	Sólrún Sigþórsdóttir	Leiðbeinandi	95	Leyfi frá 17.08.23 - 26.04.2024
28	Valdís María Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi og skólaliði	94	
29	Þórdís Þórisdóttir	Umsjónarkennari	100	Þar af 19 í Skýjaborg
		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	25,25	Þar af 0,4 í Skýjaborg
		Stöðugildi í lok skólaárs:	25,78	Þar af 0,4 í Skýjaborg
	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:

Skýjaborg:				
1	Agnieszka Aurelia Korpak	Háskólamenntaður starfsmaður m. B.Ed. próf í leikskólakennarafræðum	70	
2	Aldís Ósk Sævarsdóttir	Háskólamenntaður leiðbeinandi	100	Leyfi frá nóvember
3	Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	100	15% leyfi frá áramótum, leyfi frá 15.4.2024
4	Bára Tómasdóttir	Deildarstjóri	100	
5	Birgitta Ás Baldvinsdóttir	Leiðbeinandi	100	Hóf störf 12.3.2024
6	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100	
7	Guðbjörg G. Benjamínsdóttir	Matráður	100	
8	Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	34	
9	Helga María Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi	57	
10	Hildur Sólmundsdóttir	Háskólamenntaður leiðbeinandi		100% sumar 2023, hætti í lok ágúst.
11	Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	85-100	85% haust, 100% frá áramótum
12	Karina Aleksandra Podlowska	Leikskólakennari	100	
13	Marta Bauska	Leiðbeinandi	100	Hóf störf 2.4.2024
14	Pála Svanhildur Geirsdóttir	Leiðbeinandi	80	Hóf störf 18.3.2024
15	Rita Alexandra Trindade Afonso	Leiðbeinandi	100	Hóf störf 2.1.2024
16	Sigurbjörg Friðriksdóttir	Leikskólasérkennari	100	
17	Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir	Deildarstjóri	100	
18	Sonja Rut Jóhannsdóttir	Leiðbeinandi og aðstoðarmatráður	85,7 og 14,3	Hóf störf 1.12.2023
19	Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi og aðstoðarmatráður		Leyfi allt skólaárið
20	Tetiana Yehorova	Ræstitæknir	38	
21	Védís Fríða Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi	100	
		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	9,9	
		Stöðugildi í lok skólaárs:	14,8	Fjölgun barna og aukin stuðningsþörf

Stöðugildapörf í Skýjaborg reiknaðist eftirfarandi fyrir skólaárið 2023-2024:

	Upphaf skólaárs	Lok skólaárs
Stjórnun	1	1
Eldhús	1	1
Grunnstöðugildi	4,6875	6,7875
Sérkennsla	0,25	2,25
Undirbúningur skv. kjarasamningum	1,095	1,045
Undirbúningur leiðbeinenda	0,15	0,15
Afleysing 8,33%	0,5779	0,7841
Tengiliður farsældar	0,1	0,1
Alls	8,8604	13,1166

Stytting vinnuvikunnar: „Alls“ – 1,1375 (ekki stytting á EJR og ÞÞ)=X. X/0,875 + 1,1375 = Samtals		
Samtals	9,9297	14,8279

Starf ræstitækis (c. 38%) er ekki inni í stöðugildaútreikningunum.


4.1 Breytingar í starfsmannahópnum

Í Skýjaborg var Sonja Rut Jóhannsdóttir ráðin í desember, Rita Alexandra Trindade Afonso frá janúar, Pála Svanhildur Geirsdóttir og Birgitta Ás Baldvinsdóttir frá mars og Marta Bauska frá apríl. Hildur Sólmundsdóttir hætti í upphafi skólaárs í lok ágúst. Unnur Tedda Toftum var í leyfi allt skólaárið og Aldís Ósk Sævarsdóttir var í leyfi frá nóvember.

Í Heiðarskóla var Kristel Ýr Guðmundsdóttir ráðin í frístund til eins árs. Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir var fastráðin í stöðu stuðningsfulltrúa og í frístund. Anna Guðrún Guðnadóttir og Anna Rún Þorvaldsdóttir voru fastráðnar í stöður stuðningsfulltrúa. Helena Bergström mætti til starfa eftir ársleyfi. Sigríður Sjöfn Helgadóttir var ráðin í stoðþjónustu frá 1.02.2024 út vorið. Máni Björgvinsson, leiðbeinandi, og Guðlaug Sara Gunnarsdóttir, stuðningsfulltrúi, bæði ráðin til eins árs hættu störfum í lok skólaársins.

4.2 Stjórnun og verkaskipting

Skipurit skólans



4.3 Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólafréttabréfi sem skólastjórar senda á alla starfsmenn skólans í lok hverrar viku. Bréfið, sem sent er í tölvupósti, inniheldur upplýsingar um hvað er framundan í skólstarfinu.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, og hagnýtar upplýsingar.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá umsjónakennurum til foreldra Heiðarskóla reglulega.
- Fréttabréf frá stjórnendum eða umsjónarkennurum Heiðarskóla einu sinni til tvisvar á skólaárinu.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá deildarstjórum til foreldra í Skýjaborg reglulega.
- Opnum Facebook síðum Skýjaborgar og Heiðarskóla.

4.4 Skipulagsdagar

Einn sameiginlegur skipulagsdagur/endurmenntunardagur var á skólaárinu.

- 14. ágúst: Erindi frá vinnuvernd um lífstíl. Heilsufarsmælingar í boði fyrir starfsmenn Hvalfjarðarsveitar. Kynnt var Jafnréttis- og eineltisáætlun sveitarfélagsins ásamt nýjum verkferlum sveitarfélagsins varðandi lög um farsæld. Farið var yfir barnavernd og tilkynningarskyldu. Að lokum var stuttur starfsmannafundur í Skýjaborg. Erindi frá Vinnuvernd um líkamsbeitingu var aflýst og kom inn á fund í september.

Í Skýjaborg voru 5 aðrir:

- 18. september: Starfsmannafundur, erindi frá Vinnuvernd um líkamsbeitingu, umhverfisnefndarfundur og deildarfundir.
- 18. október: Starfsmannafundur og deildarfundir og eftir hádegi var farið í heimsóknir í leikskólana Akrasel og Garðasel.
- 2. janúar: Starfsmannafundur þar sem meðal annars var farið yfir Viðverustefnu Hvalfjarðarsveitar, deildarfundir og námskeið í Tákn með tali.
- 19. febrúar: Deildarfundir sem meðal annars voru í nýttir í undirbúning fyrir foreldraviðtöl, starfsmannafundur þar sem meðal annars var farið var yfir rekstur 2023, endurskoðun á kafla 6 í skólanámskrá og umhverfisnefndarfundur.
- 2. apríl: Samskiptasáttmáli, innra mat og deildarvinna.

Í Heiðarskóla voru 13 skipulagsdagar, þar af 5 á starfstíma skólans og 8 utan starfstíma skólans:

- 15. – 21. ágúst: Undirbúningur fyrir skólaárið, skólastjórnendur fóru yfir verkefni vetrarins með hverjum og einum starfsmanni. Námsáætlanir í Mentor og undirbúningur fyrir skólaárið. Teymisfundir og starfsmannafundur. Kynning frá MSHA fyrir kennara á Læsi fyrir lífið.
- 18. október: Starfsmannafundur; aðgerðaráætlun, jafnréttisáætlun og fræðsluerindi um sjálfskaðahegðun. Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl og hver og einn vann í sínum verkefnum. Teymisfundir á hverju stigi.

- 3. janúar: Starfsmannafundur; starfsmannasáttmáli, fræðslumyndbönd um kynbundið ofbeldi gegn börnum, sjálfsmat og viðverustefna. Teymisfundir, undirbúningur og hver og einn vann í sínum verkefnum.
- 19. febrúar: Starfsmannafundur; fræðsla líkamlegt inn grip og reglugerð þar um, skóladagatal 2024 – 2025 og rekstur ársins 2023 kynntur. Starfsmannasamtöl, undirbúningur.
- 2. apríl: Starfsmannafundur; Þórdís Þórisdóttir kynnti starfendarannsókn (Ég get – námsaðlögun með aðferðum Byrjendalæsis), niðurstöður foreldrakönnunar skólalúlsins, áhættumat og undirbúningur fyrir fjölmenningsþema.
- 31. maí: Vitnisburður, skýrslugerð, pantanir, undirbúningur fyrir vorhátíð og útskrift 10. bekkinga.
- 3. – 5. júní: Starfsmannafundur, niðurstöður starfsmannakönnunar skólalúlsins kynntar. Frágangur og tiltekt. Læsi fyrir lífið námskeið, Sigríður Ingadóttir frá MSHA.

4.5 Fundir

Skólastjórn, skipuð skólastjórum og aðstoðarskólastjóra, héldu vikulega samráðsfundi á miðvikudögum kl. 10:15 á teams. Á fundum skólastjórnar var m.a.:

- farið yfir fagleg mál skólans
- unnið að stefnumótun og framfylgd stefnu
- unnið við skipulagningu
- rætt um sameiginleg verkefni
- starfsmannamál
- skýrslugerðir - ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá – starfsáætlun.

Í Skýjaborg voru deildarstjórafundir áætlaðir 1x í viku sem deildarstjórar og leikskólastjóri sátu, tímasetning var breytileg yfir veturinn. Þá voru deildarfundir einu sinni í viku á mánudögum kl. 10:00-11:00 og fékk hvor deild annan hvorn mánudag.

Í Heiðarskóla voru starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Kennarafundir voru að öllu jöfn aðra hvora viku. Örfundir með öllum starfsmönnum voru á þriðjudagsmorgnum kl. 8:00 – 8:10. Sjálfsmatsteymi, læsisteymi og umhverfisteymi funduðu eftir þörfum. Nemendafélag skólans fundaði eftir þörfum. Umhverfisnefnd skólans fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði. Fundir með almennum starfsmönnum voru haldnir eftir þörfum. Í tengslum við teymisverkefni sem unnið er undir leiðsögn MSHA voru haldnir vikulegir teymisfundir með öllum sem koma að hverju stigi fyrir sig. Fundirnir voru mjög gagnlegir og almenn ánægja meðal starfsmanna með fyrirkomulagið.

Þrjú skólasamstarfsfundir voru haldnir á árinu þar sem skólasamstarfið var skipulagt, farið yfir stöðuna og metið hvernig til tókst.

Haldinn var einn sameiginlegur fagfundur með öllum starfsmönnum Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar fimmtudaginn 4. apríl frá 16:30-18:30. Á fundinum var erindi frá Einhverfusamtökunum.

Nemendaverndarráðsfundir voru 6 á skólaárinu. Á fundina mættu, félagsmálastjóri, sálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, sérkennari og skólastjórar Leik- og grunnskóla.

4.6 Símenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

4.7 Námskeið og ráðstefnur

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Skýjaborg:

- 14. ágúst: Lífstíll, erindi frá Vinnuvernd. Allir starfsmenn.
- 13. september: AEPS, námskeið. Einn starfsmaður.
- 18. september: Líkamsbeiting, erindi frá Vinnuvernd. Allir starfsmenn.
- 1. nóvember: Þarfir barna á tveimur heimilum. Fjarnámskeið Endurmenntun HÍ. Einn starfsmaður.
- 2. janúar: Tákn með tali, námskeið frá RGR. Allir starfsmenn.
- 16. janúar: Örfyrirlestur FSL, Samfélagslegt hlutverk leikskóla: Skiptir máli hvort leikskólinn sé fyrsta skólastigið? Einn starfsmaður.
- 30. janúar: Örfyrirlestur FSL, Þjónustuhlutverk leikskóla. Gömul umræða og ný. Einn starfsmaður.
- 21. febrúar: Örfyrirlestur FSL, Átök um fagmennsku leikskólustjóra. Einn starfsmaður.
- 22. febrúar: Tímon, námskeið: Einn starfsmaður.
- 8. mars: Málþing: Málþroskaröskun DLD og skólaumhverfið. Einn starfsmaður.
- 14. mars: Örfyrirlestur FSL, forysta á krýsutímum. Einn starfsmaður.
- 4. apríl: Erindi frá Einhverfusamtökunum. Allir starfsmenn.
- 16. apríl: Námskeið, Kennum nýja færni. Einn starfsmaður.
- Nóvember – maí: Netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu: Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga – fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum. Allir starfsmenn.
- Allt skólaárið (frá 2.1.2023): Þriggja ára samstarfsverkefni um teymisvinnu við MSHA. Þrjú starfsmenn sitja mánaðarlega leiðtogafundi, aðrir starfsmenn taka þátt sem hluti af teymi sem leiðtogarnir stýra.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Heiðarskóla, listinn tekur ekki á einstökum námskeiðum sem starfsmenn sóttust eftir að fara á heldur er frekar um áherslur skólans að ræða:

- 14. ágúst: Lífstíll, erindi frá Vinnuvernd, allir starfsmenn.
- 14. ágúst: Læsi fyrir lífið, kennarar.
- 4. september: Farsældarþing, 2 starfsmenn.
- 18. september: Líkamsbeiting, erindi frá Vinnuvernd, allir starfsmenn.
- 28. september: Læsi fyrir lífið, kennarar.
- 2. og 3. október: Trúnaðarmannanámskeið, 1 starfsmaður.

- 5. október: Fræðsluerindi fyrir foreldra og starfsmenn, Þorgrímur Þránínsson ræddi um skýr mörk, samfélagsmiðla, símanotkun o.fl.
- 6. október: Námsstefna SÍ, QUINT rannsóknin – Gæði kennslu í nútíð og framtíð, 1 starfsmaður.
- 10. október: Fræðsluerindi frá Símenntun um fordóma og góð samskipti fyrir nemendur og starfsmenn, Jasmina Vajzovic Crnac.
- 23. október: Endurmenntun á vegum HÍ; ofbeldi og hegðunarvandi, 2 starfsmenn.
- 26. október: Læsi fyrir lífið, kennarar.
- 8. nóvember: Ráðstefna, hvernig ná öll börn árangri í lestrarnámi, 1 starfsmaður.
- 10. nóv: Gæði kennslu í nútíð og framtíð, 1 starfsmaður.
- 21. nóvember: Læsi fyrir lífið, kennarar.
- 13. febrúar: Vangaveltur um slakari árangur nemenda í PISA varðandi læsi, Atli Harðarson, 1 starfsmaður.
- 13. febrúar: Fræðsluerindi og ráðgjöf um börn á flótta – Krístrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi fjölmenningar hjá Hafnafjarðarbæ, allir starfsmenn.
- 27. febrúar: Læsi fyrir lífið, kennarar.
- 5. mars: Læsi fyrir lífið, kennarar.
- 4. apríl: Erindi frá Einhverfusamtökunum, Margrét Oddný Leópldsdóttir, allir starfsmenn.
- 8. maí: Lego Braille bricks námskeið, 3 starfsmenn.
- 4. júní: Læsi fyrir lífið, kennarar.
- Á vorönn fengu 4 starfsmenn ráðgjöf og leiðsögn frá HTÍ.
- Janúar: Netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu: Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga, allir starfsmenn.
- Allt skólaárið: 1 starfsmaður var í leiðtoganámi í byrjendalæsi og 2 starfsmenn í byrjendalæsisnámi á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.
- Allt skólaárið: Þriggja ára samstarfsverkefni um teymisvinnu við MSHA. Fimm starfsmenn sitja reglulega leiðtogafundi, aðrir starfsmenn taka þátt sem hluti af teymi sem leiðtogarnir stýra.

5 Áherslur vetrarins 2023-2024

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun. Í vetur hittist skólastjórn á reglulegum fundum um endurskoðun skólanámskrár með tilliti til Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar með gildistíma 2022 - 2030. Í Menntastefnunni er skýr áhersla á innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, heimsmarkmiðin, læsi, sköpun, fagmennsku, gildi skólans, þátttöku og virkni, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund. Einstaka kaflar í skólanámskrá hafa verið rýndir í vetur með tilliti til þessa af skólastjórn og síðan sendir til starfsmanna til frekari rýningar og athugasemda. Þessi vinna mun halda áfram á næsta skólaári.

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>

5.2 Umhverfismennt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar hefur verið í mörg ár þátttakandi í Grænánaverkefni. Hér má sjá yfirlit yfir hvað var gert á skólaárinu á hvoru sviði fyrir sig varðandi umhverfismennt.

Umhverfismennt í Skýjaborg 2023-2024

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru engir skráðir fundir með umhverfisnefnd barna, en ýmislegt var brallað með þeim sem farið verður yfir hér fyrir neðan. Við þurfum að bæta okkur í fundargerðum næsta vetur. Þrír fundir voru haldnir í umhverfisnefnd starfsfólks.

Í haust tók við nýr verkefnisstjóri Grænánans, Aldís Ósk Sævarsdóttir. Hún lagðist yfir hvað við höfðum gert áður og hvar væru tækifæri fyrir leikskólann til að bæta sig. Hún kom með hugmyndir að vinna með þemun *hnattrænt jafnrétti og neysla og úrgangur*. Á umhverfisnefndarfundi starfsmanna voru þemun lögð fram og samþykkt og markmið rædd. Í framhaldi var útbúin tímasett aðgerðaráætlun sem var lögð fyrir starfsfólk í janúar. Þá var verkefnastjóri komin í leyfi og ákveðið að hafa dreifða ábyrgð þar sem fólk kaus sér markmið úr áætluninni til að vinna að í samstarfi við börnin. Áætlunin hangir í undirbúningsherbergi þar sem hún er sýnileg öllu starfsfólki.

Í tengslum við þemað hnattrænt jafnrétti var unnið að markmiðinu að vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum og kynna þannig ólíka menningarheima og lönd. Fánarnir voru uppfærðir miðað við tengsl barna og starfsfólks við önnur lönd. Sýnileiki fánanna eykur áhuga barnanna á fánum og hafa þeir verið mikið perlaðir og litaðir í vetur. Haldið var áfram að syngja á ólíkum tungumálum í söngstundum.

Í tengslum við þemað neysla og úrgangur var unnið að þremur markmiðum. Í fyrsta lagi voru börnin virkjuð í að skila úrgangi á viðeigandi staði til endurvinnslu. Elsti árgangurinn fékk yfirumsjón með þessu verkefni. Fóru þau reglulega á grenndarstöð með rusl sem þarf að henda þar. Þeim fannst þetta mjög skemmtilegt verkefni. Inn í þetta verkefni fléttast meðal annars læsi, þar sem börnin lásu á gámana til að finna viðeigandi gáma undir ruslið. Í öðru lagi var unnið að því að endurnýta pappír. Komið hefur verið á góðri endurnýtingu á pappír í undirbúningsherbergi. Pappír inni á deildum hefur einnig verið

vel nýttur og hafa föstudagar verið tileinkaðir endurnýtingu og enginn annar pappír í boði. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, safnað er í hillu yfir vikuna og svo allt tekið fram á föstudögum í sköpun. Þessi nýting hefur smitast út frá sér og hafa börnin stundum komið með pappír að heiman fyrir föstudagana. Í þriðja lagi voru útbúin fjölnotabox með börnunum undir gersemar sem finnast úti í náttúrunni, í stað þess að nota plastpoka. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni, börnin útbjuggu gersemax í hópatímum og fóru í framhaldi í göngutúra og söfnuðu sér dýrgripum. Að lokum fóru boxin heim. Þetta er skemmtilegt haustverkefni sem væri gaman að endurtaka.

Annað sem gert var í vetur í tengslum við umhverfismennt:

Í haust tíndu börnin rífsber á runnunum í garðinum. Þetta voru fá ber svo þau enduðu bara beint í munnum. Börnin tíndu stóra steina í nærumhverfinu sem nýttir voru sköpunargerð. Teknar voru upp kartöflur. Haldið var upp á dag íslenskrar náttúru með því að fara í göngutúr um hverfið, leika á Vinavelli og fá sér ávaxtabita og vatn. Vinavöllur var opnaður síðasta sumar og gaman að segja frá því að leikskólabörnin hafa mikið nýtt sér hann í vetur. Farið var yfir mikilvægi handþvottar og mikilvægi þess að nota bara eina bunu af sápu fyrir umhverfið. Hóparnir völdu sér sælureit úti í náttúrunni.

Unnið er áfram með áhuga barna sem vaknar í vettvangsferðum, t.d. sköpuðu börnin í hákarlahóp köngulær í framhaldi af vettvangsferð í haust og í janúar sá eiturslönguhópur mikið af rusli eftir áramótin og ákváðu að tína rusl og setja í viðeigandi gáma.

Í vetur var mikil kjarkæfing í einu óveðrinu. Börnin klæddu sig upp og fóru út í snjóköf og rok, hlupu svo saman mislangar vegalengdir inni í garðinum og svo aftur til baka í skjól. Sumum fannst þetta mjög gaman á meðan önnur fóru strax inn aftur. Í vetur og vor hefur átt sér stað skemmtileg rannsóknarvinna. Drengur kom með kanínuhauskúpu og krabba að heiman sem börnin þurftu að skoða vel með stækkunarglerjum og smásjá. Svo hafa börnin skoðað meðal annars býflugur, blóm, steina og skeljar sem þau hafa fundið úti og viljað rannsaka. Matráðurinn okkar kom með nokkra krossfiska sem veiddust í krabbagildru og börnin fengu að rannsaka. Í maí fengum við heimsókn frá Byggðasafninu að Görðum, þær Krístrúnu og Halldóru, í tilefni af Barnamenningarhátíð á Akranesi. Þær komu með skemmtilegt upplegg um fjörufróðleik og sögðu okkur söguna um Katanesskrímslið.

Í tengslum við útielddhúsið okkar hafa fjölskyldur verið duglegar að gefa okkur efnivið til að leika með í útielddhúsinu. Í vor fengu börnin að fara í litlum hópum heim til eins starfsmanns í hvolpaheimsókn. Haldið var upp á Dag umhverfisins þar sem öll fóru saman út að tína rusl. Hjálpast að við að flokka ruslið í viðeigandi tunnur. Gaman að sjá hvað hverfið okkar er hreint og lítið af rusli. Við settum niður sólblómafræ og karsafræ. Börnin útbjuggu sér blómapott úr mjólkurfurnum, máluðu og gerðu að sínu og fóru svo með sólblómið heim í pottinum.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2024

Skýrsla Umhverfisteymis Heiðarskóla skólaárið 2023-2024

Í teyminu sátu Þórdís Þórisdóttir (yngsta stig), Sóley Bára Bergsteinsdóttir (miðstig), Eyrún Sif Ólafsdóttir (unglingastig), Helena Bergström, Sigríður Lára Guðmundsdóttir og Sigurður Sigurþórsson.

Teymið heldur utan um Grænfánaverkefni skólans og hefur það hlutverk að skipuleggja viðburði í samráði við umhverfisnefnd skólans, huga að þeim þáttum sem snúa að verkefninu, skipuleggja samstarf og skila skýrslum til Landverndar sem heldur utan um Grænfánaverkefnið á Íslandi.

Teymið fundaði alls sex sinnum á skólaárinu og skipulagði fasta viðburði sem eru á skóladagatali. Þar má nefna dag íslenskrar náttúru, þemaviku, gróðursetningardag, matarvigtunarviku, dag umhverfisins, Survivor Heiðarskóla og UNICEF hlaupið. Dagskrá allra viðburða er síðan skipulögð í samráði við umhverfisnefnd Heiðarskóla en í henni sitja fulltrúar umhverfisteymis og einn nemandi úr hverjum árgangi skólans sem valinn er af bekkjarfélögum í upphafi árs.

Teymið setur einnig í framkvæmd verkefni, viðburði eða atriði sem ákveðnir eru af umhverfisnefnd skólans og í ár voru það t.a.m. jól í skókassa, þemavinna um hnattrænt jafnrétti, aðstaða til flokkunar bætt í almennum rýmum, fræðsluráðstefna á degi umhverfisins, úttekt á öryggi og ásýnd skólalóðar, koma nýju útinámssvæði í undirbúning og verkefni Survivordags sem í ár var að hanna og smíða brú.

Á fundum komu einnig fram atriði sem þarf að kanna eða bæta úr s.s. að fá nýjan hólk til að safna tónum batteríum í, athuga með að setja kerfi á prentara í vinnurými kennara til að koma í veg fyrir pappírssóun, skoða fjölgun hleðslustöðva á bílastæði, breyta fyrirkomulagi á matarvigtunarviku, fá fræðslu um flokkun fyrir nemendur og starfsfólk og athuga hvað má eða á að fara í spilliefnagám. Einnig þarf að setja upp plan hver á að fara með gler, málma og textíl ef ekki koma gámar til flokkunar við skólann. Enginn í skólanum ber ábyrgð á að tæma flokkunarílát á almennum svæðum og þarf að koma því í farveg. Gera þarf betur í að flokka þegar skólinn bregður sér af bæ s.s. í skóginum.

Ágætlega hefur tekist að halda utan um verkefni Grænfánaverkefnisins í vetur. Reglulegir fundir umhverfisteymis og -nefndar hafa verið vel skipulagðir, vel hefur gengið að fá umræður um verkefnið með nemendum og að koma hugmyndum þeirra í framkvæmd. Seinni hluta vetrar vantaði betri yfirsýn yfir ábyrgð verkefna sem þarf að gera skýrar á teymisfundum.

Það er orðið tímabært uppfæra upplýsingar og myndir á heimasíðu varðandi Grænfánaverkefnið þar sem myndir eru orðnar fremur gamlar. Við upplifum að útinám sé að minnka í skólanum og væri til bóta að fá inn námskeið um útinám í haust.

Þórdís, Helena, Sóley og Eyrún Sif, maí 2024.

5.3 Skólasamstarf

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg

Í vetur stóð til að undirrituð yrði í 20% stöðu við leikskólann á móti umsjónarkennslu 1. bekkjar við grunnskólann. Forföll urðu í grunnskólanum snemma hausts sem vörðu fram í mars og sinnti undirrituð því afleysingu fyrir þau forföll og fór ekki í leikskólann fyrr en í mars.

Ég hitti börn í elsta árgangi leikskólans á þeim dögum sem ég var í leikskólanum í mars fram í maí og vann með þeim ýmis verkefni í máli, læsi og leik.

Skólasamstarf elstu barna og leikskólans var með hefðbundum hætti á skólaárinu. 1. bekkur heimsótti leikskólann 2 sinnum á haustönn, ein skipulögð leikheimsókn og síðan á jólaleikritið.

Sameiginlegar ferðir elsta árgangsins í leikskólanum og 1. bekkjar voru tvær, önnur í skóginn við Furuhlíð í september og hin í fjöruna við Belgsholt í apríl. Börnin voru með sameiginlegt söngatriði sem sýnt var á Fullveldishátíð sem haldin var í Heiðarskóla.

Elstu börnin í leikskólanum komu í Heiðarskóla í skólasamstarf 12 sinnum á skólaárinu og hittu nemendur á yngsta stigi eftir því sem tími gafst til inni og úti.

Vorskóli verðandi 1. bekkinga var 6.- 8. maí í Heiðarskóla. Fyrir vorskólann annað hvort hitti ég alla foreldra vorskólabarna í leikskólanum eða hringdi ef ég náði ekki að hitta foreldra þar. Vorskólinn gekk vel í alla staði. Elsti hópur leikskólans var með 1. bekk í stofu og fylgdi stundatöflu þess hóps í 3 daga. Greinilegt er að skólasamstarf hefur skilað sér í miklu öryggi verðandi grunnskólanemenda þar sem þau þekkja vel skólahúsnæði, skólalóð, starfsfólk sem og þau hafa haldið tengslum við samnemendur sína og kynnst hefðum og venjum sem gilda í grunnskólanum. Einnig gefst gott tækifæri fyrir starfsmann að kynnast foreldrum barnanna betur þar sem hann hefur tækifæri til að hitta þá í leikskólanum.

Pórdís Þórisdóttir, maí 2024

Skýjaborg í unglingsmiðju Heiðarskóla

Skýjaborg tók á móti unglingsmiðju úr Heiðarskóla í unglingsmiðju. Þá mættu nemendur í eitt skipti einn seinni part frá 14:00-16:00 í Skýjaborg. Þeir byrjuðu á því að fá kynningu á leikskólastarfi frá mér og svo fóru þeir inn á aðra hvora deildina eftir þeirra vali og tóku þátt í leik, nónhressingu og öðru starfi. Þetta samstarf gekk vel.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2024

6 Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber að framkvæma innra og ytra mat í skólum. Tilgangur mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Ytra mat er framkvæmt annars vegar af fræðslunefnd og hins vegar af mennta- og barnamálaráðaneytinu.

6.1 Innra mat

Innra mat var unnið samkvæmt áætlun skólans og í kjölfarið gerð umbótaáætlun fyrir hvort svið fyrir sig. Niðurstöður matsins og umbótaáætlun er birt í sjálfsmatsskýrslum sviðanna (Sjálfsmatsskýrsla Skýjaborgar er inn í starfsáætlun Skýjaborgar).

6.2 Ytra mat

Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar lagði Starfsmannakönnun Skólapúlsins og Foreldrakönnun Skólapúlsins fyrir á báðum sviðum. Skólastjórnendum var falið að gera aðgerðaráætlun. Niðurstöður og umbótaáætlun er birt í sjálfsmatsskýrslum sviðanna.

7 Nám og kennsla

Í þessum kafla er farið yfir fjölda barna, nám og kennslu í gegnum skýrslur og helstu daga og viðburði á árinu.

7.1 Fjöldi barna í Heiðarskóla

Í upphafi skólaárs voru 92 nemendur skráðir við skólann og 103 í lok skólaársins. Á tímabili voru nemendur skólans 104 (innan sviga í árgangi 2016) Fjöldi nemenda í bekkjum var eftirfarandi:

Bekkur/árgangur	Í upphafi skólaárs	Í lok skólaárs
1. 2017	11	11
2. 2016	6	8 (9)
3. 2015	4	5
4. 2014	17	17
5. 2013	9	13
6. 2012	6	6
7. 2011	8	8
8. 2010	13	13
9. 2009	8	11
10. 2008	10	11
Samtals	92	103

Teymiskennsla í skólanum einkennist fyrst og fremst af samvinnu og sameiginlegri ábyrgð kennara um nám og kennslu nemenda. Kennt var í þremur teymum:

- Yngsta stigsteymi: 1. – 4. bekkur, 38 börn í upphafi skólaárs og 41 í lok skólaárs, umsjónarkennarar Heiða Arnþórsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Þórdís Þórisdóttir.
- Miðstigsteymi: 5. – 7. bekkur, 23 börn í upphafi skólaárs og 27 í lok skólárs, umsjónarkennarar Sóley Bára Bergsteinsdóttir og Sigurður Tómasson.
- Unglingastigsteymi: 8. – 10. bekkur, 31 barn í upphafi skólaárs og 35 í lok skólaárs, umsjónarkennarar Berglind Bergsdóttir og Eyrún Sif Ólafsdóttir.

7.2 Fjöldi barna í Skýjaborg

Í Skýjaborg voru börnin í upphafi skólaárs 27 og 37 í lokin. 3 börn hófu leikskólagöngu sína í Skýjaborg haustið 2023. 11 börn hófu leikskólagöngu í Skýjaborg á miðju skólaári. Eitt barn hætti í upphafi skólaárs (innan sviga í töflunni). Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig staðan var í upphafi og lok skólaárs á milli árganga.

Dropinn: 11-16 börn á aldrinum 1-3 ára. Deildarstjóri Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir.

Regnboginn: 22-24 börn á aldrinum 3-6 ára. Deildarstjóri Bára Tómasdóttir.

Árgangur	Alls haustið 2023	Alls vorið 2024
2018	4	7
2019	5	5
2020	(10) 9	10
2021	2	3

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 16:30. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjálss milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 8,0 í upphafi, en var lengst af í vetur 8,12 klst. daglega (eitthvað breytilegt eftir mánuðum). Í maí var meðaldvalartími barna 8,07.

7.3 Sameiginlegar skýrslur 2023-2024

Sameiginlegar skýrslur frá starfsfólki Leik- og grunnskóla koma hér undir. Skýrslu umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg má finna undir kaflanum Skólasamstarf hér fyrir ofan.

Skýrsla sérkennara 2023-2024

Heiðarskóli:

Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í samræmi við námsþarfir hvers nemanda. Ásamt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna skv.lögum nr.86/2021. Aðaláhersla námslegs stuðnings er að mestu leyti á lestur, íslensku og stærðfræði. Auk eflingar á sjálfsmynd og félagsfærni í formi samtala og fleiri úrræða.

Sérkennslu sinna Ólöf Guðmundsdóttir, Sigrún Vigdís Gylfadóttir og Sigríður Sjöfn Helgadóttir.

Ólöf er í 100% starfi og hefur umsjón með sérkennslu á yngsta stigi og er einnig einn dag í viku í leikskólanum Skýjaborg ásamt því að vera annar tveggja tengiliða farsældar innan Heiðarskóla. Sigrún Vigdís er einnig í 100% starfi og hefur umsjón með sérkennslu á mið- og unglíngastigi. Sigríður Sjöfn er í 50 % starfi frá 1.2 – 1. 6. 2024 og sinnti sérkennslu á yngsta stigi.

Auk þess koma stuðningsfulltrúar að námsaðstoð og annarri þjónustu við nemendur á öllum skólastigum.

Í upphafi skólaársins stóð skólinn frammi fyrir þeirri áskorun að sérkennari yngsta stigs fór í leyfi frá 1.09.23 – 29.02.24. Í fyrstu var sérkennslan leyst innanhúss af Þórdísi Þórisdóttur og Katrínu R. Sigvaldadóttur, náms-og starfsráðgjafa þegar þær gátu komið því við innan sinnar stundaskrár. 1. febrúar sl. var svo Sigríður Sjöfn Helgadóttir grunnskólakennari ráðin til afleysinga í sérkennslu til vorsins.

Á yngsta stigi (1.-4. bekkur) var áherslan lögð á lestrar- og læsistengd verkefni og í stærðfræði áhersla á tölur, talnaskilning og aðferðir. Nemendur fara til sérkennara ýmist einir eða í litlum hópum. Einnig starfar sérkennari með nemendum inni í kennslustundum, allt eftir því hvað hentar best hverju sinni.

Námsver er ekki til staðar á yngsta stigi.

Á mið-og unglíngastigi eru námsver sem gera nemendum kleift að vinna verkefni eða áætlun í smærri hópum eða einstaklingslega með yfirumsjón sérkennara og/eða stuðningsfulltrúa.

Sérkennsla:

Markmiðið með sérkennslu er að sinna öllum nemendum eins og kostur er, mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur hverju sinni náms- og félagslega og að nemendur fái kennslu við sitt hæfi. Þegar þau almennu námsmarkmið, námsefni og námsaðstæður sem eru í skólanum henta ef til vill ekki öllum nemendum, þarf að leita allra leiða til að mæta viðkomandi sem best.

Tímabil stuðningsþarfa við nemendur getur verið allt frá nokkrum vikum, til alls skólaársins. Nemendur með frávik í námi fá aðlagð námsefni og/eða stuðning, innan sem utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur með aðlögun á námsefni og aðlögun á námsaðstæðum svo þeir geti haldið í við bekkjarfélaga þrátt fyrir að fara aðeins hægar yfir. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að nemendum líði sem best í skólanum og séu öruggir í aðstæðum, vinni verkefni við hæfi og geti þar með þroskast og dafnað sem sjálfstæðir, glaðir og sjálfsöruggir einstaklingar.

Sérkennslan er ekki bundin við neitt eitt rými eða neina eina aðferð, heldur fer hún fram þar sem nemendum líður best og er unnin á þann hátt sem talið er henta hverjum og einum nemanda. Unnið var til dæmis í litlum hópum, einstaklingslega, í námsverum á mið-og unglingsstigi, bekkjarstofum og þar sem nemendur eru hverju sinni. Nemendur unnu á sínum forsendum, á sínum hraða og í minna áreiti, en með því er komið til móts við þarfir hvers og eins nemenda. Nemendur fá úthlutað stuðningi samkvæmt metnum þörfum sérkennara, skólustjóra, umsjónarkennara og annarra fagaðila að vori eða í upphafi skólárs, horft er frekar til þjónustubarfa fremur en greininga.

Sérkennarar halda utan um trúnaðargögn er varða nemendur og leggja fyrir ýmis próf og skimanir ásamt lestrargreiningum og úrvinnslu úr þeim eftir þörfum. Leitast er við að vera í góðri samvinnu og samstarfi við foreldra, umsjónarkennara, sálfræðing, félagsmálastjóra, talmeinafræðing, ásamt öðru starfsfólki skólanna. Sækja einnig um stuðningsúrræði/undanþágur í námsgreinum fyrir nemendur í samvinnu við skólustjórnendur, foreldra/forsjáraðila og umsjónarkennara. Halda utan um skipulag sérkennslu, teymisfundir og leggja til faglega þjónustu en ákvörðun og ábyrgð á sérkennslu innan skólans er skólustjóra.

Teymisfundir eru haldnir að meðaltali tvisvar á hvorri önn hjá þeim nemendum sem tengdir eru félagsþjónustu og öðrum þjónustustofnunum utan sveitafélagsins að auki funda teymi eftir þörfum vegna annarra nemenda ásamt umsjónarkennurum og öðrum utanaðkomandi sérfræðingum þegar þörf er á.

Helstu markmið fyrir skólaárið 2024-2025 eru að:

- Efla fagmennsku og hæfni sérkennara ennfrekar til að takast á við fjölbreyttar þarfir nemenda í sérkennslu.
- Styrkja og efla ennfrekar samþætta þjónustu í þágu farsældar barna innan skólans.
- Styrkja kennslu tvítyngdra/fjöltýngdra nemenda innan skólans.
- Styrkja samstarf við foreldra og aðra aðila sem koma að velferð nemenda.

Skýjaborg:

Sérkennslan var í höndum starfsmanna Skýjaborgar frá 1.9.2023-29.2.2024 eða á meðan Ólöf var í leyfi. En í byrjun skólaárs og frá 1. mars var hún í höndum Ólafar sem var þar einn dag í viku. Vinna sérkennara fór fram á báðum deildum í góðu samstarfi við deildarstjóra og leikskólasérkennara þar

sem unnið var í samvinnu með áætlanir og skipulag. Auk þess sem samstarf er við aðra starfsmenn leikskólans, talmeinafræðing og sálfræðing.

Starf sérkennarans fólst aðallega í því að koma auga á, efla og þjálfa þá þætti sem hindra börn í að ná fullri færni og þar með auka lífsgæði þeirra. Margvíslegum aðferðum við stuðning, kennslu og þjálfun var beitt ásamt leikjum og sögugerð því um fjölbreyttan hóp og misjafnar þarfir barna var að ræða. Markmiðið var að auka orðaforða, máltjáningu, málvitund og þá þætti sem geta eflt þroska, hljóðkerfis- og hljóðavitund, ásamt því að vinna með tölur, stærðir, form, fín-og grófhreyfingar ásamt hegðun. Ýmist voru vinnustundirnar þannig að unnið var maður á mann, með 2-3 börn í sérými, hóp í alými eða útiveru.

Helstu skimanir í leikskólanum eru:

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.
- Smábarnalistinn.
- Íslenski þroskalistinn.
- Orðaskil.
- TRAS.
- AEPS.
- ABLLS-R.
- Told-2P.
- MOT. (hreyfiþroskaath).
- Athugun á hljóðkerfisvitund (5-7 ára).
- Mio- skimun á fjölda og talnaskilningi ofl. hugtökum.
- Ásamt öðrum óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

3. júní 2024 Ólöf Guðmundsdóttir, Sigrún Vigdís Gylfadóttir og Sigríður Sjöfn Helgadóttir

7.4 Skýrslur Heiðarskóla 2023– 2024

Skólastjóri óskar eftir skýrslum/samantekt frá hverju teymi fyrir sig, náms- og starfsráðgjafa, starfsfólki á bókasafni, í tómsund og frístund, tölvuumsjónarmanni og matráði.

Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2024

Grunnupplýsingar:

Í teyminu voru þrjár umsjónakennarar, Heiða Arnþórsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Þórdís Þórisdóttir. Heiða kenndi 26 kennslustundir og Þórdís kenndi 20,75 kennslustundir og Hildur kenndi 11,25 kennslustundir. Auk þess kenndu Helena Bergström 4 kennslustundir og Katrín Rós Sigvaldadóttir 3 kennslustundir.

Stuðningsfulltrúar á yngsta stigi voru Anna Guðrún Guðnadóttir, Guðlaug Sara Gunnarsdóttir og Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir. Tveir stuðningsfulltrúar fylgdu 4. bekk og einn stuðningsfulltrúi fylgdi öðrum námshópum eftir þörfum. Sérkennari á yngsta stigi var Ólöf Guðmundsdóttir og Sigríður Sjöfn Helgadóttir frá febrúar.

Skipulag innan teymis: Þórdís sá um kennslu í helstu námsgreinum í 1. bekk auk nokkurra tíma í 2. og 3. bekk. Hildur sá um umsjónakennslu í helstu námsgreinum í 2. og 3. bekk og Helena um náttúrufræðikennslu í 2. og 3. bekk. Í 4. bekk sá Heiða að mestu um kennslu í helstu námsgreinum auk nokkurra tíma í 2. og 3. bekk. Katrín Rós sá um lífsleiknikennslu á stiginu.

List- og verkgreinakennarar voru: Erna Rafnsdóttir (heimilisfræði og textílmennnt), Máni Björgvinsson (smíði), Hildur Jónsdóttir (tónmennt) og Helena Bergström (myndmennt). Sigurður Sigurpórsson sá um sundkennslu á stiginu og og Helena Bergström sá um íþróttakennslu á stiginu. Þórdís var í leikskólanum á fimmtudögum frá mars 2024 og Ólöf var í leikskólanum á miðvikudögum. Langtímaforföll voru á stiginu í vetur sem kennarar leystu fram í febrúar.

Helstu verkefni/þemu:

1. bekkur:

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Þorri, jól, páskar
- Árstíðir
- Þjóðsögur og ævintýri
- Dýr (ísbirnir, refir og rándýr)
- Fullveldishátíð

2. - 3. bekkur:

- Tíminn
- Ljóð
- Tónlist og hljóðfæri
- Fullveldishátíð

4. bekkur:

- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna
- Árshátíð
- Kortalestur og áttir
- Fuglar
- Jól og páskar

Sameiginleg þemu:

- Í sátt og samlyndi
- Barnasáttmálinn
- Hnattrænt jafnrétti
- Menningarmót (allur skólinn)

Kennsluhættir: Fjölbreyttir kennsluhættir notaðir. Má þar nefna aðferðir Byrjendalæsis, stöðvavinnu og verklega kennslu. Töluvert var unnið með námsefni í gegnum leik og spil og útinám að hausti og vori.

Upplýsingaflæði: Upplýsingaflæði milli starfsmanna á yngsta stigi var gott. Reglulegir teymisfundir allra í yngstastigsteymi voru vikulega allan veturinn. Einu sinni á skólaárinu voru fundir með öllum sem komu að nemendahópnum. Reglulegir teymisfundir með öllum starfsmönnum á stiginu hafa hjálpað til við að allir séu vel upplýstir um þær áherslur sem eru í starfinu hverju sinni, um skipulag og nemendamál. Vikupóstar kennara til foreldra eru einnig sendir á alla starfsmenn á stiginu.

Náms- og kennsluáætlanir: Námsskipulag tók mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og áhersluatriðum í skólanámskrá Heiðarskóla. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem á því þurftu að halda.

Sérstaða skólans:

- Uppeldi til ábyrgðar: unnum bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og nemendur unnu ýmis verkefni í Lífsleikni. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir í öllum námshópum.
- Umhverfismennt: Mörg fjölbreytt verkefni unnin t.d. í gegnum þemu, útikennslu og með sérstökum verkefnum tengdum náttúru og umhverfi. Áhersla á hnatrænt jafnrétti var í grænfánaverkefninu og voru mörg verkefni unnin sem tengdust því að upplýsa um aðstæður barna annarstaðar í heiminum og kynnast menningu annarra þjóða.
- Gildi skólans: Gildi skólans voru höfð til hliðsjónar við skipulag alls náms og unnið sérstaklega með þau í lífsleikni.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Þættir eins og heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, jafnrétti og sköpun fléttuðust víða inn í kennsluna og sérstaklega fjallað um í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Áhersla á læsi og lestrarfærni var mikil í skólanum og því fylgt eftir með fræðslu til foreldra og fjölbreyttum heimalestrarverkefnum. Samvinna við heimilin hvað varðar læsi var á heildina litið til fyrirmyndar en í einstaka tilvikum verulega ábótavant.

Unnið var sérstaklega með lykilhæfni í nokkrum völdum verkefnum þar sem nemendur unnu þvert á námshópa.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Fljótt og vel var brugðist við ábendingum er varðaði skipulag og utanumhald á yngsta stigi. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri komu einu sinni í heimsókn til að taka út kennsluhætti, skólastjóri kom reglulega inn til að sinna virku upplýsingaflæði.

Einn kennari á stiginu sat í leiðtogateymi í teymisvinnuverkefni á vegum MSHA og fékk ýmsar bjargir og ráðgjöf varðandi skipulag og uppsetningu teymisfunda ásamt verkfærum til að greina og leysa vanda er upp kann að koma í skólastarfi.

Samstarf við önnur teymi: Lítið reglulegt samstarf var við önnur teymi. Unglingastignemendur komu einu sinni og aðstoðuðu við kennslu og nemendur á unglingastigi komu í starfsskyningu á yngsta stig.

Vettvangsferðir:

Sameiginlegar ferðir:

- Haustferð í Ölver
- Vorferð á Byggðasafn og skógrækt á Akranesi
- Haustferð með skólanum í Álfholtsskóg
- Vorferð með skólanum í Álfholtsskóg, Survivor dagur

1. bekkur:

- Fannahlíð í haust með leikskólanum og í fjöruferð í Belgsholt að vori.
- Heimsóknir í Skýjaborg að hausti og á jólaleikrit.

3. bekkur:

- Heimsókn í Skýjaborg, lestur fyrir leikskólabörn

Gestir og fyrirlesarar: Arndís Þórarinsdóttir kom og las af tilefni Degi íslenskrar tungu, Jasmina Vajzovic Crnac kom og fræddi nemendur um ólíka menningarheima. Aron Ýmir Pétursson kom og ræddi við nemendur um fótboltahegðun, Andri Snær Magnason kom á degi umhverfissins og ræddi um umhverfismál.

Ábendingar: Útlit er fyrir að tveir námshópar verði á stiginu á næsta skólaári. Við teljum mjög mikilvægt að stuðningsfulltrúi fylgi hvorum námshópi allan daginn. Að fenginni reynslu óskum við eftir því að einungis verði gert ráð fyrir einni hringekju á stiginu sé þess þörf. Passa þarf upp á að umsjónakennarar hafi góðan samfelldan tíma með sínum umsjónahópi og að ekki séu of margir kennarar með einn námshóp. Bæta þarf verklagsreglur skólans ef brestur er á skólasókn nemenda t.d. hvað varðar ábyrgð á námi.

Lokaorð: Skólaárið hefur gengið að mestu leyti mjög vel. Nokkuð vel hefur tekist að koma til móts við ýmsar og ólíkar þarfir nemenda sem hefur skilað sér í auknum framförum þeirra.

Heiða Arnþórsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Þórdís Þórisdóttir, maí 2024

Teymisskýrsla miðstigs vorið 2024

Grunnupplýsingar: Sigurður Hinrik Tómasson (22,75 kest.) og Sóley Bára Bergsteinsdóttir (20 kest.) voru umsjónarkennarar. Katrín Rós Sigvaldadóttir (4,25 kest.) kenndi einnig á miðstiginu. Sigrún Vigdís Gylfadóttir annaðist sérkennslu og náttúrufræðikennslu á stiginu. Halldóra Andrésdóttir, Valdís María Stefánsdóttir, Jóhanna Sigríður Vilhjálmssdóttir og Anna Rún Þorvaldsdóttir voru til stuðnings við einstaka nemendur og hópin í heild. 23 nemendur hófu nám í 5.-7. bekk á haustönn en 27 nemendur luku námi að vori.

Skipulag innan teymis: Umsjónarkennarar báru sameiginlega ábyrgð á nemendahópum en skipulögðu sínar námsgreinar í sitt hvoru lagi. Þemu og ákveðin stærri verkefni unnin í sameiningu. Nemendahópnum var skipt á umsjónarkennara fyrir foreldraviðtöl og sú skipting hélt sér út námsárið, þ.e.a.s. sami umsjónarkennari annaðist að mestu foreldrasamskipti og foreldraviðtöl við sinn nemendahóp. Við skiptum hópnum niður í tvær stofur þar sem 5. og 6. bekkur voru saman og 7. bekkur var sér. Að auki nýttist námsverið vel fyrir nemendur með stuðning og námshópin í heild. Teymið hafði fundartíma á miðvikudögum eða fimmtudögum kl. 13:40. Allt starfsfólk á miðstigi hittist þar vikulega og er mikil ánægja með það fyrirkomulag, enda nauðsynlegt fyrir skóla með teymiskennslu að teymið hittist reglulega. Þessir vikulegir fundir voru nýttir í umræður um félagsleg mál nemenda, samskipti innan hópsins og sértæk úrræði. Umsjónar- og sérkennari hittust að auki eftir þörfum til að skipuleggja

kennslustundir og námslotur. Samskipti teymisins voru góð. Verkefnum var deilt og unnin í samstarfi. Kennarar komu eitthvað að kennslu flestra greina en yfirumsjón með fögum var skipt á eftirfarandi hátt:

Íslenska - Sóley

Stærðfræði - Sigurður T.

Enska - Sóley

Danska - Katrín Rós

Lífsleikni - Katrín Rós

Náttúrufræði – Sigrún Vigdís

Samfélagsgreinar - Sigurður T.

Sérkennslumálin voru í höndum Sigrúnar Vigdísar. Hún og Halla (Halldóra Andrésdóttir) stýrðu námsverinu með aðstoð annarra stuðningsfulltrúa.

Verkefni: Fjölbreytt verkefni voru unnin á önninni, bæði verkleg og bókleg. Viðfangsefni námsgreina eru tiltekin í samnefndu skjali. Við héldum áfram að leggja áherslu á lestur í vetur og vorum bæði með daglegan yndislesturstíma í skólanum og svo áttu þau að lesa heima fimm sinnum yfir vikuna. Við unnum lestrarhvetjandi verkefni og lásum bækur saman í samlestri til að auka áhuga nemenda og stuðla að umræðum. Dæmi um slík verkefni eru lestrarhvetjandi verkefni Ævars vísindamanns, Skólaslit, og Hetjurnar þrjár. Báðum var vel tekið af nemendum sem fannst þetta skemmtilegt og ljóst að slík verkefni verða endurtekin í uppfærðri mynd á næsta skólaári. Þema ársins í umhverfismennt var hnattrænt jafnrétti og unnin voru verkefni tengd þemanu, bæði í bóklegum greinum og list- og verkgreinum. Einnig vorum við dugleg að vekja þau til meðvitundar um hnattrænt jafn- og ekki síst ójafnrétti á árinu.

Kennsluhættir: Kennsluhættir voru fjölbreyttir en alltaf má bæta sig og gera betur. Okkur fannst auðveldara að stýra fjölbreyttum verkefnum í minni hópum. Þess vegna gaf góða raun að aldursskipta stiginu og fá þannig fram minni einingar.

Upplýsingaflæði: Kennarar sendu pósta eftir þörfum og í kringum uppbrotsdaga. Á fimmtudögum voru haldnir bekkjarfundir og voru þeir tvískiptir þetta árið, þ.e.a.s. stofuskiptir fundir.

Náms- og kennsluáætlanir: Kennarar settu upp námslotur í sínum faggreinum. Sett voru upp verkefni innan lotanna og þau tengd við hæfniviðmið og metin. Nemendur fengu áætlanir í íslensku og stærðfræði á pappír og inn á Mentor og fengu foreldrar eftir þörfum sendar áætlanir í pósti.

Sérstaða skólans:

- **Uppeldi til ábyrgðar:** Við unnum eftir stefnu Uppeldis til ábyrgðar á miðstigi. Bekkjarsáttmálar voru gerðir og sýnilegir í stofum.
- **Spjaldtölvur:** Ýmis verkefni unnin á iPad og námsöpp notuð, eins og Kahoot, Duolingo Minecraft o.fl. Þá voru rafbækur og hljóðbækur notaðar í gegnum iPadinn. Tæknilegir örðugleikar með iPadana hafði þó áhrif á hve mikið iPadarnir voru notaðir í formlega kennslu.
- **Umhverfismennt:** Fór aðallega fram í þemadögum og vinnu. Kennsla í náttúrufræðum var einnig stórefld á miðstigi og krakkarnir unnu fjölbreytt og skemmtileg verkefni tengd náttúrunni og umhverfinu. Útinámstímar daglega og aukið við þegar tók að vora. Flokkunarfötur í stofum.
- **Gildi skólans:** Gildi skólans höfð að leiðarljósi í leik og starfi.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Lykilhæfni og grunnþætti menntunar voru hafðir til hliðsjónar við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum við okkar störf. Við upplifðum traust og að á okkur væri hlustað og gátum leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf þegar á þurfti að halda. Skólastjórnendur mættu reglulega á fundi miðstigsteymisins.

Samstarf við önnur teymi: Samstarf við önnur teymi var takmarkað en það sem var þó gert gekk vel og samvinna góð þvert á stig.

Vettvangsferðir og viðburðir: Miðstigsleikarnir voru haldnir í upphafi námsársins í Borgarnesi. Við fórum í Skorradal í haustferð og enduðum í sundi í Borgarnesi. Við fórum í fræðsluferð til Reykjavíkur í febrúar þar sem við fórum í vísindasmiðju Háskóla Íslands. Við nýttum ferðina svo í íþróttastarf og skelltum okkur á skauta. Sjöundi bekkur fór í Reykjaskóla í febrúar og heppnaðist sú ferð mjög vel. Í apríl var haldin árshátíð í skólanum og krakkarnir á miðstigi voru með fjölbreytt tónlistaratriði, en það var Hildur tónmenntakennari sem á heiður af þeirri skipulagningu og gekk árshátíð mjög vel. Í maí fór miðstigið í vorferð til Reykjavíkur. Krakkarnir fóru þá á ótrúlega flotta og fjölbreytta sýningu í Perlunni, þar sem við lærðum meðal annars um eldgos og skoðuðum manngerðan íshelli. Á heimleiðinni var stoppað í sundi í Lágafellslaug og allir fóru glaðir og sælir heim.

Gestir og fyrirlesarar: Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur kom og las fyrir börnin úr nýjustu bók sinni, Mömmuskípti. Bókinni var í kjölfarið gert hátt undir höfði á bókasafninu og varð mjög vinsæl eftir góðan upplestur. Á degi umhverfisins kom Andri Snær Magnason rithöfundur og náði að setja loftslagsbreytingarnar sem við erum að upplifa í samhengi sem krakkarnir skildu.

Ábendingar/Niðurstöður

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- **Líðan nemenda og samskipti:** Líðan nemenda á stiginu var almennt góð. Við vorum með mjög samheldinn og góðan nemendahóp og samskipti innan stigsins hafa verið með miklum ágætum.
- **Smærri námseiningar:** Það hefur reynst vel að skipta stiginu upp í smærri námseiningar og hafa í sitt hvorri stofunni.
- **Sérkennsla:** Sérkennslan hefur verið í góðum höndum og er markviss. Samvinna sérkennara, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa hefur gengið mjög vel. Námsverið hefur verið vel nýtt í vetur og er sótt af velflestum nemendum. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og hefur ýmsar þarfir sem hefur gengið ágætlega að mæta.
- **Stuðningur við nemendur:** Síðasta skólaár fundum við fyrir því að það vantaði skýrari verkferla vegna hegðunar nemenda sem brýtur í bága við skólareglur og það var unnið markvisst að því að bæta úr því. Stuðningur við nemendur með hegðunarvanda var aukinn. Verkferlar voru mótaðir og kynntir vel fyrir nemendum. Eftirfylgni einstakra mála aukin.
- **Innleiðing leiðsagnarnáms:** Skipulag skólastofanna í anda leiðsagnarnáms, góð námsmenning innan hópsins, bætt við sjónrænu skipulagi og námsveggir eru virkir og lifandi.

Það sem má bæta:

- **Leiðsagnarnám:** Halda innleiðingunni áfram
- **Verkferlar:** Bæta þarf verkferla varðandi ýmis mál eins og einstaklingsnámskrár, samskiptavanda, eineltismál, markmiðasetningu og eftirfylgni. Í kjölfar nýrra farlsældarlaga

þarf einnig að vera skýr verkaskipting milli þeirra sem koma að nemanda sem er tengdur þar inn. Umsjónarkennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa og tengiliðs.

- **Bæta umgengi í kennslustofum:** Kenna börnunum betur að ganga frá eftir sig og bera ábyrgð á hlutunum sínum.
- **Virkja bekkjarfulltrúana:** Við teljum það nauðsynlegt að virkja bekkjarfulltrúa í að skipuleggja félagsstarf eftir skóla til að bæta og efla samskipti nemenda á miðstigi. Það dró verulega úr slíku starfi á tímum covid og síðustu ár hefur verið lítil sem engin virkni í starfi bekkjarfulltrúa.

Lokaorð: Veturinn gekk mjög vel. Nemendahópurinn var mjög samstilltur og góður og samstarf allra sem komu að nemendahópnum með miklum ágætum.

Sigurður Tómasson og Sóley Bára Bergsteinsdóttir, maí 2024

Teymisskýrsla unglíngastigs vorið 2024

Grunnupplýsingar: Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, Berglind Bergsdóttir og Eyrún Sif Ólafsdóttir. Berglind kenndi 26 kennslustundir og Eyrún 25 kennslustundir. Auk þess var Katrín Rós Sigvaldadóttir með 6 kennslustundir. Skólaliði unglíngastigs var Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir og sérkennari var Sigrún Vigdís Gylfadóttir. Aðrir kennarar er komu að unglíngastigi voru list- og verkgreinakennarar ásamt íþróttakennara. Nemendur unglíngastigs voru 31 í upphafi skólaárs og 35 í lok skólaárs.

Skipulag innan teymis: Berglind og Eyrún voru umsjónarkennarar allra nemenda og báru jafna ábyrgð. Eyrún tók ábyrgð á kennslu stærðfræðigreina og náttúrugreina. Berglind tók ábyrgð á kennslu í íslensku og ensku. Sameiginleg ábyrgð var í kennslu samfélagsgreina og upplýsinga- og tæknimennt. Katrín Rós sá um kennslu í dönsku og lífsleikni, Máni Björgvinsson í íþróttum og smíði. Sigurður Sigurbórsson sá um sundkennslu. Helena Bergström sá um myndmenntakennslu og Erna Rafnsdóttir í heimilisfræði og textílmennnt. Sigrún Vigdís sá um sérkennslu.

Á þessu skólaári var haldið áfram með innleiðingu á verkefninu Teymisvinna sem snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólasamfélagið meðal annars með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu og efla dreifða forystu með leiðtogum í teyimum. Það nýttum við okkur á fundum teymisins sem fór fram á þriðjudögum frá 13:40 – 14:10. Fundir voru stuttir og hnitmiðaðir þar sem meðal annars var farið yfir fjölbreyttar og gagnlegar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Helstu verkefni/þemu:

- Þema - Allt í hershöndum árin 1950 – 1960, samþætting íslensku, samfélagsfræði og ensku.
- Þema Blindsker árin 1980 – 1990, samþætting íslensku, samfélagsfræði og ensku.
- Landfræði – Fjölmenningarþema
- Kynfræðsla – var kennt í kynjaskiptum hópum.
- Upplýsinga – og tæknimennt.
- Hnattrænt jafnrétti - Nemendur unnu ýmis verkefni yfir skólaárið tengd þessu þema.
- Náttúrugreinar – fléttur, sveppir, bakteríur, frumur, jarðhræringar, vímuefni og efnfræði

Kennsluhættir: Notast var við fjölbreytta kennsluhætti. Töluverð áhersla var á að kenna nemendum sjálfstæði í námi og farið var í að innleiða leiðsagnarnám þar sem nemendur og kennarar hafa vaxandi

hugarfar, trú á sjálfum sér, hæfni til að greina eigin námsvitund og tækifæri til að taka meiri framförum. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir skólaárið í formi fjölbreyttra verkefna og prófa.

Hópnum var í upphafi kennt saman í einni stofu, síðan var stofunum skipt upp í tvær og hópnum skipt að mestu eftir bekkjum.

Upplýsingaflæði: Upplýsingarflæði til foreldra og nemenda fór að mestu fram í Mentor og með tölvupósti. Upplýsingarflæði milli starfsmanna á unglíngastigi fór fram á vikulegum teymisfundum þar sem leitast var við að fá alla starfsmenn sem komu að stiginu saman.

Náms- og kennsluáætlanir:

Námsskipulag tók mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og áhersluatriðum í skólanámskrá Heiðarskóla. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem á því þurftu að halda.

Sérstaða skólans:

- Uppeldi til ábyrgðar: Við gerðum bekkjarsáttmála og fórum í vinnu tengdu Uppeldi til ábyrgðar samhliða honum. Vikulegir bekkjarfundir.
- Fartölvur til afnota fyrir alla nemendur í unglíngadeild. Töluvert mikið notaðar.
- Umhverfismennt: Umhverfismennt er sinnt vel í skólastarfinu að mestu leiti í þemavikum og skipulögðum þemadögum er snúa að umhverfismennt.
- Gildi skólans: Við leitumst við að vinna með gildi skólans í daglegu starfi okkar í unglíngadeild. Við reynum að fá nemendur til að sýna virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum og sýna metnað í leik og starfi. Við vorum með aukið átak í samvinnu allra nemenda sem gaf mjög góða raun fyrir nemendahópinn. Við vorum einnig fljótar að bregðast við þegar upp komu mál þar sem vellíðan nemenda var í húfi.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar:

Við gerðum okkar besta til að hafa lykilhæfni og grunnþætti menntunar í huga við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf:

Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum við okkar störf. Við upplifðum að okkur væri treyst til að sinna okkar störfum og gátum leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf þegar þurfti.

Samstarf við önnur teymi:

Lítið var um samstarf við önnur teymi á þessu skólaári.

Vettvangsferðir:

- Haustferð - gengum Síldarmannagötur. Við gistum í Skátaskálanum í Skorradal.
- Skólabúðir á Úlfjótssvatni - 9. bekkur og Berglind fóru á þangað í október.
- Unglíngastigið fór í lokaferð í Heydal 27. – 29. maí, Berglind, Eyrún og Siggí fóru með hópnum.

Aðrar ferðir á vegum skólans:

- Tæknimessa FVA og iðnfyrirtækja.

- Vika Sex – Akranesi.
- Vísindasmiðja.
- Skíðaferð í Bláfjöll.

Viðburðir:

- Jólsen - jólsen mótið
 - Allir nemendur unglingadeildar tóku þátt í Jólsen – jólsen (ólsen – ólsen) á litlu jólnum.
- Fullveldishátíð
 - Nemendur unglingadeildar æfðu og sýndu leikrit. Nánast allir tóku þátt í þessu verkefni á einhvern hátt og afraksturinn var fín sýning.
- Kynning á námi í framhaldsskólum
 - Nemendur í 9.-10. bekk fengu kynningu frá Menntaskóla Borgarfjarðar, FVA og Vala Kristín var með stutta kynningu á MA.

Gestir og fyrirlesarar:

- Indíana Rós kynfræðingur kom með fyrirlestur um kynfræðslu.
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir kom með fræðslu frá Jafnréttisskólanum.
- Samfélagslögreglan kom með fyrirlestur um sakhæfi.
- Þorgrímur Þráinsson kom með fyrirlestur um lífsgildi.
- VR kom með kynningu á réttindum á vinnumarkaði.
- Samúel Þorsteinsson, skyndihjálpari.

Ábendingar/niðurstöður:

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Verkefnaskil og utanumhald á Mentor
- Þemaverkefni
- Námsverið, þar er aukinn stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika. Sigrún Vigdís og Hjördís sáu um námsverið og gekk það vel. Það skilaði sér í betri stuðningi við nemendur með sértæka námsörðuleika.
- Vikulegir bekkjarfundir komu vel út og nemendur ávallt spenntir fyrir fundunum. Fundir voru haldnir í síðasta tíma á föstudegi.
- Samstarf innan unglingateymis gekk mjög vel.

Það sem má bæta:

- Aukinn stuðningur við nemendur.

Lokaorð:

Skólastarfið í vetur hefur gengið vel. Samstarf á unglingastigi gekk mjög vel hjá starfsmönnum er komu að stiginu. Námsþópurinn var fjölbreyttur og skemmtilegur. Það tók 8. bekk frekar langan tíma að venjast nýjum venjum á unglingastigi. Það var því ekki fyrr en þegar líða tók á vorönnina að það fór að róast yfir hópnum. Reynt var að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda, en við fundum að það hefði verið gott að hafa meiri aðstoð í kennslustundum. Á heildina litið góður vetur að baki.

Skýrsla List- og verkgreinakennara vorið 2024

Grunnupplýsingar

Erna Rafnsdóttir: Heimilisfræði, textíl og val á unglingastigi. (1-2.b.:Leikur og list. 3.- 9.b, 18.25 kest)

Máni Björgvinsson: Smíði. (1.-2.b.. 3.-9.b. 17,5 kest)

Helena Bergström: Myndmennt 1-9.b. og val í unglingadeild 12,8 kest.

Hildur Jónsdóttir: Tónmennt (1.-7. bekkur í tónmennt, 1.-4. bekkur í listasmiðju). 8,75 kest.

Skipulag í teymi:

Skólaárinu var skipt í tvö tímabil í heimilisfræði og textíl. Kennt var á haustönn heimilisfræði og á vorönn textíll.

Í tónmennt, smíði og myndmennt var 1.-7.b. kennt allt árið. 4. bekk var tvískipt og hóparnir skiptust á því að vera í myndmennt og tónmennt fyrir og eftir áramót. Sama var um 5.-7. bekk sem var skipt í tvo hópa.

Skipt var í teymi á milli listgreinakennara:

Erna og Máni funduðu reglulega og fóru yfir kennsluna og skipulögðu sameiginlega tíma.

Helena og Hildur hittust nokkrum sinnum til að bera saman bækur. Hildur, Helena og Máni hittust reglulega til þess að skipuleggja Listasmiðju sem var á miðvikudögum. Þar var ýmist samkensla eða þrískiptir hópar. Í samkenslu var meðal annars unnið með Emil í Kattholti (tónlist, leiklist og sviðsmynd).

Í valkenslu á unglingastigi voru Máni, Erna og Helena og skiptu þau hópnum í hópa sem hver og einn valdi. Í boði var listasmiðja, íþróttir, textíll/heimilisfræði. Í byrjun nóvember voru val tímarnir notaðir í æfingu og annað sem viðkom 1. des skemmtun skólans.

Kennsluhættir:

Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru alla jafna mjög fjölbreyttir. Nemendur taka þátt eftir eigin forsendum og útkoman verður oft mjög mismunandi. Við notum oft veraldarvefinn til að afla okkur upplýsinga og hugmynda. Við ræðum t.d. efnisnotkun út frá umhverfissjónarmiðum, við notum sýnikenslu og við leggjum áherslu á að skipuleggja og hanna verkefnið vel áður en verklegi þátturinn fer fram. Í list- og verkgreinum er verkleg vinna alls staðar tengd þekkingu úr öðrum fögum, ekki síst stærðfræði og íslensku.

Upplýsingaflæði:

Upplýsingaflæði er almennt gott .

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar:

Í list- og verkgreinum fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska hæfileika, dýpka hann og læra leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir veiga og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Í list- og verkgreinum fá nemendur að vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Þar er markviss þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna. Þannig geta nemendur notað öll skilningarvitin og afla sér þekkingar t.d. í gegnum lestur, hlustun, skoðun, efniskönnun, lykt og smökkun og prófa sig

áfram með sínar hugmyndir. Í samspili þarf að fylgja hinum í hópnum, sem hjálpar til við að kenna þeim að taka tillit til hvers annars. Það eitt og sér ýtir undir mannréttindi, jafnrétti og heilbrigð samskipti, auk þess sem sköpunarkrafturinn fær að blómstra.

Stuðningur stjórnenda:

Í vetur höfum við fengið góðan stuðning fyrir nemendur með sérþarfir og/eða hegðunarerfiðleika.

Áherslur skólans:

Umhverfismeðvitund er mikilvægur þáttur í list- og verkgreinum þar sem við kaupum inn efni með ákveðinni sögu (kolefnisfótspor). Við ræðum neyslu okkar og kynnum málefnið við innlögn verkefna. Spjaldtölvur og veraldarvefurinn eru notuð til að afla sér upplýsinga og hugmynda.

Myndmennt – Helena Bergström

Myndmennt hefur verið kennd í allan vetur í 1-4.b. , val í unglingsdeild og haust eða vorönn hjá miðstigi.

Í myndmennt héldum við áfram að kanna og skapa myndlist út frá litum, formi og myndbyggingu. Við vinnum með ýmis efni, aðferðir og í mismunandi tilgangi. Allir nemendur geta skapað, hver og einn á sinn hátt og með ýmiskonar útkomu.

Eftir áramót stækkuðu margir námshópar þannig að myndmenntastofan varð allt of lítil. Ég tel 12 nemendur á yngsta stigi sleppa en 10 eru hámark fyrir eldri. Ég hef kennt í heimastofu suma tíma (5-6.b.) en það lengir hverja kennslustund u.þ.b. 20 mín. Þar sem það tekur tíma að undirbúa námsefni og lengir frágang.

Ég tel það mjög mikilvægt að nemendum með sérþarfir fylgi stuðningur í list- og verkgreinum. Við höfum mjög takmarkaða möguleika til að kynnst öllum þessum nemendum með mismunandi þarfir þegar við hittumst bara einu sinni í viku.

Smíði – Máni Björgvinsson

Smíðakennsla var allt skólaárið. Við skiptum hópum á milli okkar. Áhersla var lögð á skapandi hugsun, samvinnu og vandvirkni. 4.-5. bekkur tóku þátt í bílakeppni og voru 2-3 nemendur saman í hóp. Nemendur hönnuðu báta og þegar allir bátarnir voru tilbúnir var farið með þá í lækinn. Unglinga strákar smíðuðu kofa úr pallettum.

Allir nemendur bjuggu til skuggamynd af sjálfum sér sem sett var á timburplötu. 1.-3. bekkur gáfu foreldrum jólagjöf sem þeir unnu í smíðum. Verkin voru fjölbreytt og öll mjög skapandi

Heimilisfræði - Erna Rafnsdóttir

Heimilisfræði hófst á haustönn. Áhersla var lögð á samvinnu, vandvirkni og sköpunargleði. Breytti aðeins fyrirkomulagi á kennslu hjá nemendum en þau vinna oftast í hópum og matreiðslu stöðvar eru fjórar og hver stöð var skipaður leiðtogi sem að sá um liðið sitt. Það lið sem „vann“ fékk að velja hvað yrði gert í næsta tíma. Með þessu móti var samvinnan, vandvirknin og sköpun í fremsta sæti og nemendur mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Nemendur fá þjálfun í undirstöðubáttum heimilisstarfa svo að þeir geti tekið þátt í störfum heima fyrir og orðið sjálfbjarga um heimilisrekstur þegar þeir yfirgefa foreldrahús.

Val í heimilisfræði fyrir unglinga var alla þriðjudaga og fengu nemendur frjálssar hendur hvað þeir vildu elda/baka hverju sinni. Fyrsti hópurinn var í kökuskreytingum með sykurmassa og útkomurnar voru listaverk, en einum of tímafrekt verkefni miðað við tímann sem við höfðum en vel þess virði. Seinni hópurinn valdi að hafa frjálssar hendur í bakstri.

Textílmenn - Erna Rafnsdóttir

Textílkennsla hófst á vorönn, allt frá leik og list í 1.-2.bekk og svo hefðbundin textílkennsla frá 3.-9.bekk. Í textílmenn er stefnt að því að efla mismunandi túlkunaraðferðir nemenda og jákvætt námsmat á að vera leiðbeinandi, gefa nemendum ábendingar um stöðu sína og veita þeim hvatningu. Ýmislegt var gert í tímum og allra helst með mið og yngstastigi þar sem áhuginn og metnaðurinn er í hámarki, hnútabatik, útsaumsmynd sem þau gerðu eftir eigin teikningu, skrímslapúða og vefuðu uglu svo fátt eitt sé nefnt. Unglingarnir saumuðu húfur, vettlinga, snyrtitösku, gerðu prufur af kúlugraffti og fengu að vefa. Ákveðið var að byrja á árbók 10.bekkjara strax á nýju ári og var valtiminn nýttur í það.

Tónmennt – Hildur Jónsdóttir

Tónmennt var kennd allt árið á yngsta stigi og á miðstigi. Á yngsta stigi læra nemendur að meðhöndla hljóðfærin á viðeigandi hátt ásamt því að skapa og flytja einföld tónverk. Á miðstigi er meira samspil bæði á hefðbundin skólahljóðfæri og á rafmögnuð hljóðfæri. Í ár var spilagleðin ráðandi, nemendur í 1.-3. bekk fluttu atriði á trommufötur á Fullveldishátíðinni. Nemendur í 4.-7. stofnuðu þrjár hljómsveitir sem fluttu hver sitt lag á árshátíðinni í vor. Mikill meirihluti nemenda fór á svið og aðrir hjálpuðu til með því að róta á milli atriða og kynna fyrir árshátíðina.

Ábendingar:

Heimilisfræði/Textíll: Skipta áætluðum kostnaði á frístund, stuðning og heimilisfræði svo ekki sé verið að nota eyrnamerktan pening fyrir heimilisfræðina í annað en hana. Huga mætti að kaupa spanhellur og nýja ofna inn í heimilisfræði. Setja mætti hurð á textílstofuna sem hægt væri að læsa, til að sporna við rýrnun á tækjum, búnaði, vefnaði og öðrum textílvörum.

Erna Rafnsdóttir, Helena Bergström, Hildur Jónsdóttir og Máni Björgvinsson, maí 2024

Skólaíþróttir vorið 2024

Grunnupplýsingar: Helena Bergström, 6 kst. íþróttir hjá yngsta stigi. Sigurður Þ. Sigurbórsson 8 kst. sund á yngsta-, mið- og unglíngastigi og 4 kst. íþróttir á miðstigi (Leikskólatímar til viðbótar) og Máni Björgvinsson 4 kst. Íþróttir og 2 kst. íþróttaval á unglíngastigi. 1.-10. bekkur þrjár kennslustundir í viku á alla hópa, nema 1. bekkur fær tvo sundtíma.

Helstu verkefni: Settar voru upp lotur, þemu, fyrir ákveðnar íþróttagreinar dreifðar yfir veturinn í íþróttum, sundaðferðir fyrir sund. Ákveðinn stígandi var í ákefð og lengd verkefna.

Kennsluhættir: Leitast var við að hafa kennsluhætti eins einstaklingsmiðaða og hægt var, með ákveðni um bættan árangur og líkamsástand yfir veturinn. Áhersla var á félagslega blöndun innan hópa og virka þátttöku í leikjum og æfingum.

Upplýsingaflæði: Mjög mikilvægt er að upplýsingar berist vel milli bygginga, þar sem nokkur fjarlægð er milli húsa og íþróttastaðan nokkuð einangruð frá grunnskólanum. Fáir koma yfir og fer upplýsingaflæði helst fram símleiðis og í tölvupósti.

Náms- og kennsluáætlanir: Náms- og kennsluáætlanir lágu fyrir á haustönn og tóku nokkrum breytingum yfir veturinn. Aðlaganir og útfærslubreytingar komu jafnt og þétt með aukinni reynslu og þekkingu á nemendahópum. Hæfniviðmið voru ekki 100% uppfyllt vegna þeirra markmiða sem krefjast bóklegrar kennslu. Enginn bóklegur tími var á skólaárinu, þ.a.l. nokkur markmið vanrækt.

Grunnþættir menntunar: Eftirfarandi þættir eru til grundvallar í markmiðasetningu fyrir hvern námshóp fyrir sig með aðlögun að þroska og samsetningu hópanna. Matsviðmiðin byggjast á þeim.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: Hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mín á dag eða lengur - Taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir-, líkams- og heilsurækt (íþróttir og sund) með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi - Hafi grunnþekkingu á mikilvægi góðrar næringar og nægum svefni og hvíld.

JAFNRÉTTI: Stundi fjölbreytta hreyfingu án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi - Allir þátttakendur hafi sömu réttindi til þátttöku í íþróttum burt séð frá kyni, aldri, kynþætti og líkamlegu atgervi - Læri að taka tapi og sigri í leik og keppni - Hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: Hafi fengið tækifæri til að velja sér hreyfingu við hæfi, á vegum skólans eða í nærsamfélaginu, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á val á námsþáttum - Hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. 3x í viku í 40 mín í senn.

LÆSI: Fá tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan - Þekki áhrif leikja og þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta, lungu, vöðva og taugakerfi - Þekki heiti helstu líkamshluta - Tileinki sér reglur í leikjum, geti skorið úr ágreiningi sem upp kemur á jákvæðan hátt - Læri að lesa í aðstæður/umhverfi, náungann og sjálfan sig - Tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja.

SJÁLFBÆRNI: Fá tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg. Þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi og lok reglubundinnar hreyfingar og skilja hvers vegna, þekki eigin takmörk og getu. Hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega og læri að nýta umhverfið til líkams- og heilsuræktar. Sé meðvitaður um gildi æfinga sem stundaðar eru í íþróttatímum.

SKÖPUN: Fá tækifæri til að búa til eða hanna reglur/ leik/dans/hreyfingu.

Stuðningur stjórnenda: Stuðningur stjórnenda er til staðar, endurgjöf og gott að leita ráða varðandi útfærslur og ráð.

Lokaorð: Til að taka saman skólaárið, þá hefur heilt yfir gengið vel. Samskipti við nemendur hafa gengið vel, gleði og mikil útrás hafa einkennt flesta tíma. Þrátt fyrir að aðeins hafi verið gerð krafa um mætingu

Í 10 sundtíma á hvorri önn á unglिंगastigi, hefur mæting hjá nokkrum hópi nemenda, sérstaklega stúlkum ekki verið nægjanlega góð. Eins voru mælingar á getu nemenda í einstökum íþróttagreinum ekki eins markvissar og að var stefnt í upphafi vetrar.

Það þarf að senda enn skýrari skilaboð til foreldra varðandi íþrótt- og sundföt, mikilvægi þess að mæta með réttan útbúnað og hversu mikilvægt hreinlæti er í tengslum við hreyfingu og heilsurækt.

Helena Bergström, Máni Björgvinsson og Sigurður Þ. Sigurþórsson, 4. júní 2024

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2024

Skólaárið 2023 – 2024 var stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa 50%. Mikil aðsókn hefur verið í þjónustuna af nemendum á öllum skólastigum, auk þess hefur aukinn þungi verið í samskiptamálum tengdum samskiptum á netinu. Náms- og starfsráðgjafi hefur sinnt persónu- og hópráðgjöf og hefur hitt hvern bekk skólans í lífsleiknikennsku/náms- og starfsfræðslu einu sinni í viku.

Með 10. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi fjallað um ólík störf, hvað þau fela í sér, hvaða hæfni og menntun þarf til að gegna þeim. Farið með þeim í skólaheimsóknir í framhaldsskólana MB og FVA. Lagt fyrir áhugasviðsgreininu, kynnt námstækni og kennt gerð ferilskráar. Auk þess skipulagt hefðbundnar starfskynningar sem nemendur fóru í dagana 6.-8. maí.

Með nemendum í 8. og 9. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi unnið að eflingu félagsfærni með aukinni sjálfsþekkingu nemenda. Áhersla var lögð á eflingu samskiptafærni og verkefni lögð fyrir þar sem áhersla er lögð á betri samskipti innan hópsins.

Með miðstigi hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með félagsfærni og sjálfsþekkingu. Unnið með eflingu sjálfsmyndar, jafnrétti, kennt leiðir að betri samskiptum og fjallað um hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti.

Með yngsta stigi hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með félagsfærni, eflingu samskiptahæfni og sérstök áhersla lögð á tilfinningaþroska, samvinnu og samskiptaleiki.

Kennsluáætlanir allra stiga er að finna inn á Mentor og hafa náms- og kennsluáferðir í lífsleikni verið fjölbreyttar og lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni.

Einstaklings- og hópráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi hefur veitt bæði persónulega- og hópráðgjöf varðandi félagsfærni og samskipti, einelti, kvíða, námsval, námstækni, sjálfsstyrkingu ofl. á öllum stigum.

Önnur störf

Náms- og starfsráðgjafi hefur verið í samstarfi við aðra sérfræðinga, kynnt starf náms- og starfsráðgjafa, haft samráð við náms- og starfsráðgjafa í öðrum skólum, setið í eineltisteymi og sinnt þeim málum sem þar hafa komið upp. Auk þess setið nemendaráðsfundi, starfsmanna- og kennarafundi. Náms- og

starfsráðgjafi er tengiliður farsældarlaga og tengiliður forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Tillögur fyrir næsta skólaár

Mikilvægt er að halda stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í 50% þar sem áfram er full þörf á aðkomu náms- og starfsráðgjafa í mörgum málum.

Katrín Rós Sigvaldadóttir, maí 2024

Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Heiðarskóla

Á þessu skólaári hefur íslenskukennsla fyrir nemendur með annað tungumál á yngsta og unglíngastigi verið minni en undanfarin ár vegna leyfis sérkennara og hefur kennslan þar að mestu verið í formi bekkjarkennslu. Á miðstiginu fór hins vegar kennslan fram með vanalegum hætti.

Bakgrunnur nemenda er fjölbreyttur. Hver einstaklingur hefur sinn persónuleika, sinn styrkleika, þekkingu og áhugasvið. Því skipta þættir eins og að nemandi líði vel, fái námsefni við hæfi og sé í réttu námsumhverfi miklu máli í vinnu með nemendur með íslensku sem annað móðurmál.

Markmið kennslunnar er að nemendur tileinki sér og læri íslensku svo þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með samnemendum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Það er gert með því:

- Að auka orðaforða og hugtakaskilning í íslensku
- Að auka skilning á töluðu og rituðu máli
- Að nemendur fái þau verkfæri sem nýtast þeim best til að geta tjáð sig og geti komið þörfum sínum og skoðunum á framfæri í öllum aðstæðum. T.d. tákni, myndir og sjónrænt skipulag
- Að nemendur geti notað bækur, öpp og verkefni í ólíkum aðstæðum (bæði úti og inni) sem auka skilning á íslensku samfélagi og orðanotkun.
- Að nemendur geti leitað að upplýsingum á netinu og séu meðvitaðir um forrit sem hægt er að nota til leiðréttingar á stafsetningu við gerð ritgerða og þar með aukið færni sína í íslenskri málfræði
- Að auka skriffærni og réttritun
- Að spila og hafa gaman, því það eykur gleði, félagslegan skilning og tjáskipti.

Einnig var mikið lagt upp úr því að styðja sérstaklega við tvítýngd börn innan námshópa í íslensku málumhverfi og áhersla lögð á samtal við fullorðna og aðra nemendur.

Nemendur hafa í dag mun greiðari aðgang að íslenskum barnabókmenntum en áður með tilkomu hljóðbókasafnsins og storytel. Með tilvist þeirra hefur hlustun/lestur nemenda aukist töluvert. Aukin lestur/hlustun stuðlar að auknum orðaforða, betra valdi á setningamyndun (sem oft er erfið fyrir nemendur með íslensku sem annað móðurmál), tungumálinu, ímyndunaraflíð eykst og nemendur geta öðlast aukna þekkingu á ýmsum sviðum samfélagsins. Einstaklingar sem einnig glíma við lestrarerfiðleika hafa með þessari þróun fengið fleiri möguleika á að læra íslensku og á þann hátt sem hentar mörgum hverjum betur en almennur lestur.

4. júní 2024 Sigrún Vigdís Gylfadóttir

Skýrsla ÍSAT kennsla vorið 2024

Grunnupplýsingar: Markmið með kennslu í íslensku sem annað tungumál var að styðja nemendur í að verða virkir í að nota íslensku sem tjáningarform og stuðla þannig að sjálfstæði og virkri þátttöku í íslensku skólasamfélagi og samfélaginu almennt.

Nemendur voru 8 talsins, 2 af yngsta stigi, 4 af miðstigi og 2 af unglíngastigi.

Skipulag í teymi: Í teyminu voru Berglind Bergsdóttir (3 kest.), Erna Rafsdóttir (2 kest.), Katrín Rós Sigvaldadóttir (4 kest.) og Sóley Bergsteinsdóttir (2 kest.).

Kennsluhættir: Við nýttum okkur margvísleg verkefni sem við fengum til dæmis á skólavefnum, kennari.is og notuðumst við efni frá MMS. Notuðum Orðagull, í flestum kennslustundum var allur hópurinn hafður saman, en það er dreift aldursbil innan hópsins, yngsta barnið í öðrum bekk og þau elstu í níunda bekk. Í öðrum kennslustundum voru bara mið- og unglíngastígsnemendur.

Við nýttum okkur margvísleg verkefni sem við fengum til dæmis á skólavefnum, kennari.is og notuðumst við efni frá MMS. Notast var við Orðasjóð. Unnið var á fjölbreyttan hátt með myndir og texta, spil og leiki. Spjaldtölvur og tölvur voru notaðar í þjálfun á orðaforða, við lestur og ritun, við upplýsingaleit og þýðingar. Google translate, bæði með því að skrifa inn orð og texta og að taka myndir af textum og fá þýðingu, studdi vel við verkefnavinnu nemenda og samskipti þeirra við kennara og félagá.

Unnið var þemaverkefni í fjölmenningu og tók ÍSAT-námshópurinn sitt heimaland og gerði mjög flotta kynningu og nutu aðstoðar foreldra sinna, sem voru mjög ánægðir að fá að taka þátt í verkefninu og sjá afrakstur vinnu barna sinna.

Ábendingar:

Það sem gekk vel: Nemendur voru áhugasamir og námsfúsir. Kennarar voru lausnamiðaðir og fljótir að aðlaga sig með stuttum fyrirvara.

Það sem mætti betur fara:

- **Aldursdreifður hópur:** Það er erfitt að finna verkefni sem henta svo breiðum aldurshópi og það er mikill getumunur þarna á milli. Hefði verið betri að skipta hópnum upp eftir aldri.
- **Of margir kennarar að sjá um kennsluna:** Það er erfitt að hafa yfirsýn og samræma kennsluna þegar svo margir koma að. Hefði verið markvissara að hafa einn eða í mesta lagi tvo að sjá um þessa fræðslu.
- **Skortur á námsefni:** Eins og aðrir kennarar sem sinna þessari kennslu finnum við fyrir átakanlegri vöntun á námsefni fyrir hópinn.

Berglind Bergsdóttir, Erna Rafsdóttir, Katrín Rós Sigvaldadóttir og Sóley Bergsteinsdóttir, maí 2024

Skýrsla frá leiðtoga í Byrjendalæsi

Undirrituð var í leiðtoganámi í Byrjendalæsi frá Miðstöð skólaþróunar við háskólann á Akureyri á skólaárinu og lauk því í febrúar. Námið er 15 ects eininga nám á framhaldsstigi. Velji skólar að vera Byrjendalæsis skólar er gerð krafa um að starfandi sé leiðtogi í BL sem hefur lokið leiðtoganámi í BL. Meginverkefni leiðtoga í Byrjendalæsi eru að halda utan um BL kennslu á yngsta stigi, vera öðrum

kennurum til ráðgjafar og leiðsagnar, fylgjast með kennsluháttum, funda með kennurum og kynna nýjar áætlanir og verkfæri sem nýst geta í kennslu.

Á skólaárinu gerði undirrituð rannsókn á eigin starfi sem leiðtogi í BL og voru helstu niðurstöður að ágætlega hafi gengið að sinna verkefninu en bæði rannsóknin sem og niðurstöður innra mats um Byrjendalæsiskenndu í Heiðarskóla gaf til kynna að til að betur megi fara þurfi leiðtogi að fá tíma í töflu til að sinna verkefninu þar sem ekki gekk upp að fylgjast nægilega vel með kennslu annarra kennara í BL á stiginu. Einnig gaf innra mat til kynna að betur megi kynna aðferðafræði BL á heimasíðu Heiðarskóla.

Í samtölum við umsjónakennara á yngsta stigi kom fram að of margir kennarar komu að kennslu í einum námshópi til að hægt væri að sinna BL kennslu eins og til er ætlast og þarf að huga að því að tryggja betri samfellu í kennslutíma námshópa.

Þórdís Þórisdóttir, maí 2024

Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns Heiðarskóla vorið 2024

Almennar upplýsingar um starfsárið á bókasafni Heiðarskóla: Á bókasafninu störfuðu Sóley Bára Bergsteinsdóttir og Jóhanna Sigríður Vilhjálmisdóttir. Að auki tóku aðrir starfsmenn afleysingar þegar á þurfti að halda. Opnunartímar voru hvern virkan dag frá kl. 8:10-9:00. Tími til umsjónar bókasafns var aukinn í upphafi skólaárs í 6 kennslustundir, þar af voru tvær stundir nýttar í afgreiðslu. Sú tímaaukning fannst mér verulega tímabær, enda fer mikill tími af undirbúningstíma umsjónarmanns í að hugsa um safnið – miklu fleiri kennslustundir en þessir þrír sem hafa verið ætlaðir í það undanfarin ár. Ef á að starfrækja klúbba og lestrarhvetjandi verkefni er nauðsynlegt að áætla tíma í það. Safnið var einnig betur nýtt í kennslu í ár en oft áður, þar sem ÍSAT-kennsla fór fram á safninu, ásamt því að safnið var notað í kennslu eftir þörfum og viðfengsefnum verkefna. Að venju var það svo vel nýtt í tóm- og frístund á yngsta stigi.

Starfsemi á safninu: Við vorum með nokkra virka bókaklúbba í gangi í vetur og höfðum alltaf nokkra virka í einu, til að auka fjölbreytni og koma sem flestum í eitthvað skemmtilegt. Við vorum fótboltabókaklúbb, Kidda klaufa-klúbb, Þín-eigin-saga-klúbb, Ísadóru Nótt, Ráðgátuklúbb, Binnu B. Bjarna- og Heyrðu Jónsa-klúbb svo einhver dæmi séu nefnd. Við gerðum sérstökum dögum góð skil á bókasafninu og skreyttum til dæmis vel á safninu á hrekkjavökunni, jólum, páskum og fl. og höfðum þá þematengdan lestur. Jólalesturinn var til dæmis vinsæll eins og svo oft áður og krakkar á miðstigi fönnduðu jólatré til að hengja upp fyrir framan bókasafnið og börn fengu jólakúlu til að hengja á tréð fyrir hverja lesna jólabók. Það var mikil lukka með það.

Bækur voru keyptar inn jafnt og þétt yfir árið og bætt við safnið. Til þess nýttum við meðal annars Bókamarkaðinn í Laugardalnum, bókamarkað Forlagsins og fleira, allt gert til að fá sem mest fyrir peninginn.

Í ár nýttum við einnig aukinn tíma til umsjónar bókasafnsins til að fara vel yfir bókakost og gera bráðnauðsynlega grisjun á efni safnsins. Það var orðið vel tímabært og létti talsvert yfir safninu þegar losað var aðeins um í hillunum.

Sóley Bára Bergsteinsdóttir, júní 2024.

Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2024

Í ár voru keyptar 15 chromebook fartölvur sem nemendur í unglingsdeild hafa til umráða ásamt því að hafa 20 chromebook fartölvur til viðbótar sem reyndar eru komnar til ára sinna. 6 gamlar borðtölvur eru til og 3 sem voru keyptar árið 2022 fóru inn á hvert stig. Það eru komnar 61 spjaldtölvur á Merakerfið sem Tölvuþjónustan sér um að þjónusta en 11 nýjar spjaldtölvur fóru inn á kerfið í ár. Flest starfsfólk hefur sína eigin spjaldtölvu til umráða og allir kennarara ásamt stjórnendum hafa einnig fartölvur til afnota í skólanum og heima við. Tölvuþjónustan ehf á Akranesi er með samning við skólann og aðstoða þeir tölvuumsjónarmann með minniháttar viðgerðir í gegnum síma og Teamviewer en koma í skólann ef þess þarf.

Sigurður Tómasson, tölvuumsjónarmaður Heiðarskóla, maí 2024.

Samantekt - mötuneyti vorið 2024

Tveir starfsmenn starfa í mötuneyti skólans, matráður í 100% starfshlutfalli og skólaliði í 91% starfshlutfalli. Helstu verkefni starfsmanna er að sjá um morgun- og hádegisverð, ávaxtastund, hressingu í frístund, þrif í mötuneyti og önnur tilfallandi verkefni t.d. kaffiveitingar á fundum þegar gestir eru í húsi. Matráður sér um að panta allt inn fyrir mötuneytið og gera matseðla í samráði við matráð í Skýjaborg. Í innkaupum er sparnaður hafður í huga ásamt því að versla í heimabyggð og kaupa íslensk matvæli eins og hægt er. Einnig er mikil áhersla á að nýta allt hráefni vel m.a. með því að frysta afganga og nýta síðar.

Markmið sjálfbærni og umhverfisverndar eru í hávegum höfð í mötuneytinu, það er m.a. gert með því að flokka, nýta fjölnota borðbúnað á útivistardögum ásamt því að huga að vistspori við innkaup og safna saman afgangum sem ekki er hægt að nýta í skólanum og gefa hænum í Hvalfjarðarsveit.

Í skólanum er boðið upp á hollan heimilismat sem eldaður er frá grunni. Unnið er eftir handbók um mötuneyti sem gefin er út af Landlæknisembættinu. Úttekt var gerð á matseðlum Heiðarskóla og Skýjaborgar með tilliti til handbókar um mötuneyti. Í kjölfarið fengum við ráðgjöf um það sem betur má fara og hrós fyrir fjölbreytta, holla og næringarríka matseðla. Eftir úttekt var t.d. boðið oftari upp á próteínríkara val í morgunverði og hreina AB mjólk.

Teymisfundir leikskólastjóra í Skýjaborg og starfsmanna í mötuneytum Heiðarskóla og Skýjaborgar voru haldnir einu sinni í mánuði. Fundirnir voru gagnlegir og mæltust vel fyrir. Mælt er með að halda því fyrirkomulagi áfram.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir og Sigríður Kristjánsdóttir, júní 2024

Skýrsla - tómstund vorið 2024

Tómstund var starfrækt mánudaga til föstudaga frá kl. 12:50 – 13:30. Í upphafi voru börnin 38 en í lok skólárs voru þau 41. Fjórir starfsmenn sáu um tómstund.

Í tómstund er áhersla á skapandi starf og frjálsan leik. Í frjálsa leiknum fær sköpunargleði barnanna að njóta sína. Einnig er áhersla á hreyfingu. Reynt er eftir megni að bjóða börnunum upp fjölbreyttan

efnivið og val til að mæta þörfum þeirra og löngunum. Ýmist var verið úti, í leikstofu eða á bókasafni og oftast en ekki eitthvað tvennt í boði, stundum þrennt. Á föstudögum fóru yfirleitt allir út ef veður leyfði. Tómsund gekk heilt yfir vel í vetur og börnin virtust njóta sín í frjálsa leiknum.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, júní 2024

Skýrsla – frístund vorið 2024

Skólaárið 2023 – 2024 var frístund starfrækt fyrir nemendur yngsta stigs. Frístund var opin mánudag til föstudags, alla kennsludaga 13:30 – 16:30, að undanskildum tvöföldum skóladögum, þ.e. árshátíð, fullveldishátíð og litlu jólin. Tveir starfsmenn sáu um frístund.

Í frístund var boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni fyrir börnin. Í frjálsum leik í leikstofu fengu þau að ráða að mestu hvað þau fengust við og reynt að mæta þörfum þeirra. Það sem var vinsælt þetta skólaárið voru kubbar, að búa til hús úr teppum og stólum, dúkkur, perlur og föndur. Við fengum tvenns konar nýja kubba á skólaárinu og notað dót sem hvort um sig naut mikilla vinsælda. Reynt var að bjóða upp á íþróttasalinn í Heiðarborg a.m.k. einu sinni í mánuði. Þess á milli fóru krakkarnir út að leika þegar vel viðraði eða fengu að fara inn á bókasafn. Boðið var upp á hressingu kl. 15:00, en þá vildu börnin yfirleitt ávexti. Þegar öllu er á botninn hvolt gekk frístund vel og rennir fjölgun skráðra barna stoðum undir það ef borinn er saman fjöldi í byrjun skólárs við fjölda við skólaslit.

Fjöldi skráðra barna í hverjum mánuði er eftirfarandi:

Mánuður	Heildarfjöldi
Ágúst og september	13
Október	12
Nóvember	12
Desember	12
Janúar	15
Febrúar	14
Mars	14
Apríl	14
Maí	13

Samkvæmt gildandi reglum um skráningu í frístund gátu foreldrar skráð börnin sín á ákveðna vikudaga, en í einstaka dæmum voru börn skráð á ákveðna mánaðardaga. Sum hver máttu ákveða sjálf hvort þau yrðu í frístund eða færu heim þá daga sem þau voru skráð. Oft kom upp að foreldra hefðu samband við skólann með stuttum fyrirvara að biðja um að börnin yrðu send heim með skólarúttunni.

Eftirfarandi tafla gerir grein fyrir fjölda skráðra barna hvern vikudag frá ágúst til og með maí:

Mánuður	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Ágúst september	og7	8	8	10	6
Október	5	10	6	11	6
Nóvember	6	10	6	12	6
Desember	6	11	6	11	6
Janúar	6	13	6	14	7
Febrúar	6	12	6	13	7
Mars	7	12	6	13	5
Apríl	7	12	6	13	5
Maí	6	12	6	13	5

Eins og taflan sýnir er fjöldi barna nokkuð jafn yfir skólaárið, en skeikar eðlilega eitthvað til sökum tólmstunda og íþrótta sem börnin stunda.

Á síðasta skólaári var prufað að búa til sjónrænt mánaðarskipulag fyrir frístund og hefur það haldið áfram. Hér má sjá dæmi:

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Frí	Frí	Frí	Frjáls leikur	Frjáls leikur
Spil	Frjáls leikur	Leir	Frjáls leikur	Baka
Frjáls leikur	Rólegt föndur	Frjáls leikur	Heiðarborg	Frjáls leikur
Frjáls leikur	Frjáls leikur	Skutlugerð	Frjáls leikur	Föndur
Frí	Frjáls leikur	Spil		

Foreldrar fá sent í tölvupósti í byrjun mánaðar hvað sé á skipulagi komandi mánaðar og hefur það gengið vel. Einnig var skipulagið prentað út og sett upp á vegg í leikstofu svo að börnin gætu séð hvað væri á boðstólnum og hvað væri á döfinni.

Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir, júní 2024

Skýrsla SumarGaman – ágúst 2023

SumarGaman var opið frá kl. 8:00 – 16:15 8. – 18. ágúst að undanskildum 14. ágúst, samtals í 8 daga í stað 10. Stafaði það af því að frídagur verslunarmanna var 7. ágúst og ekki þótti við hæfi að byrja með starfið fyrir verslunarmannahelgina. Fjórir starfsmenn sáu um SumarGaman og þar af einn frá leikskólanum Skýjaborg. Fjöldi skráðra barna dag hvern var eftirfarandi:

8. ágúst	9. ágúst	10. ágúst	11. ágúst	15. ágúst	16. ágúst	17. ágúst	18. ágúst
24	26	26	24	29	29	27	25

Af þessu má sjá að nýtingin var góð, þegar mest var voru 29 börn af 38 börnum í 1. – 4. bekk skráð í SumarGaman. Starfið fór að mestu fram í Álfholtsskógi þar sem foreldrar mættu með og sóttu sín börn í Furuhlíð að undanskildum einum degi sem var í Melahverfi. Farið var með rútu part úr degi frá skóginum annars vegar í Hvítanes þar sem dýrin voru skoðuð og hins vegar í fjöruna á Bjartheyjarsandi og í sund á Hlöðum.

Börnin mættu alltaf með morgunávöxt og síðdegishressingu og yfirleitt með hádegisnesti. Tvisvar var boðið upp á grill í skóginum.

Gjald per dag var 2000 kr. og heildartekjur SumarGaman í ágúst voru 420.000 kr. Það fjármagn var nýtt í leigugjald fyrir aðstöðuna í Furuhlíð, rútuferðir, grillveisur o.fl.

Starfsfólk var sammála um að aðstaðan í Furuhlíð er of lítil þegar svo mörg börn eru skráð. Heilt yfir gekk þó SumarGaman mjög vel. Mikil ánægja var á meðal barna, foreldra og starfsmanna með fjölbreytta og skemmtilega samveru, frábæra staðsetningu í Furuhlíð, mikla hreyfingu og útiveru, góð félagsleg samskipti á milli barna og frjálсан leik í náttúrunni.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, júní 2024

Skýrsla SumarGaman í júní 2024

SumarGaman var opið frá 8:00-16:15 dagana 6.- 20. Júní. Fjórir starfsmenn sáu um námskeiðið, en inn bættust unglinga úr vinnuskólanum sem hjálpuðu til. Fyri ár höfðu foreldrar val um hvaða daga börn þeirra voru skráð, en í ár var ákveðið að skráning fór í gegnum appið Abler og voru börnin því skráð alla daga fyrir eitt verð. 24 börn voru skráð í SumarGaman, en eðlilega mættu ekki öll alla daga. Nýtingin var hins vegar nokkuð góð, en af 24 skráðum börnum var fjöldinn yfirleitt í kringum 20.

Þar sem fjöldinn var mikill var tekin ákvörðun að vera í Heiðarskóla með starfið, foreldrar mættu með börnin og sóttu í enda dags að undanskildum einum degi þar sem allir hittust í Skógræktinni á Akanesi og voru þar allan daginn.

Þar fyrir utan fór hópurinn í sund í Borgarnes og fengu ís eftir einn daginn. Reynt var að skipuleggja fleiri ferðir, en það gekk ekki eftir, en þess í stað var meira um að vera á skólalóðinni. Starfsmenn kveiktu í eldstæði suma daga þega viðraði vel til og grilluðu sykurpúða, pylsur og poppuðu.

Börnin mættu alltaf með morgun- og síðdegishressingu, þá daga sem ekki var grill í boði SumarGaman komu þau með eigið nesti í hádegismat.

Stofnaður var lokaður facebook hópur þar sem forráðamenn barnanna fengu reglulega upplýsingar um hvað væri á döfnni og myndir af leik og starfi barnanna.

Fast gjald fyrir þessa 10 daga voru 20.000 kr. á barn og voru því heildartekjur 480.000 kr.

Heilt yfir gekk SumarGaman mjög vel þrátt fyrir rót á staðsetningu í byrjun. Foreldrar jafnt sem börn voru ánægð með samveruna og nutu börnin sín vel í skipulögðum og frjálsum leik.

Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir, júní 2024

7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2023-2024

Leikskólastjóri óskar eftir skýrslum frá deildum og leikskólasérkennara.

Deildarskýrsla Regnbogans 2023-2024

Starfsfólk deildarinnar

Bára deildarstjóri, verkefnastjóri með stafainnlögn, Lubba, vinastundir, Blæ, þemu mánaðarins. Hópstjóri með miðhóp-Mömmuhóp. Er á námskeiði í teymisstjórnun hjá Háskólanum á Akureyri, það stendur yfir í þrjú ár. Leysti af í öllum málörvunarstundum þar sem vantaði.

Aga leikskólakennaranemi sá um söng, veðrið, hvaða dagur væri og skipulagða tónlistartímar. Sá um að velja þulu mánaðarins og um myndbandagerð af starfinu í vetur sem við sendum á foreldra. Sá um hvíld fyrir börnin sem sváfu. Verkefnastjóri með tákni með tali á haustönn.

Karina leikskólakennari, hópstjóri með yngstubörnin-Hákarlahóp. Grænfánaverkefnastjóri og stjórnaði myndlist og sköpun. Sá um að setja inn og merkja myndir á Karellen. Skipulagði og stjórnaði gróðursetninga vinnu með börnunum, máluðu mjólkurfurnur og gróðusettu Sólblómafræ. Fór með skólahóp í skólaheimsóknir og ferðir tengdar skólasamstarfinu.

Védís Fríða leiðbeinandi, var með málörvunarhópa/vinastundir. Hópstjóri með elstu börnin - Krókódílahóp. Fór að sinna 100% stuðning í nóvember.

Sonja leiðbeinandi sá um aðstoðar Lubba í hádeginu og var með vinastundir. Ef starfsmann vantaði þá fór hún í þau störf. Á vorönn var Sonja meira inn á Dropanum að leysa þar af. Einnig sá hún um eldhúsið frá 15-16.

Birgitta leiðbeinandi byrjaði í mars hún sinnti stuðning að huta. Var með vinastundir og tók við með aðstoðar Lubba í hádeginu.

Marta leiðbeinandi byrjaði í apríl. Hún var með vinastundir og leysti af.

Sigurbjörg leikskólasérkennari, opnaði deildina í vetur og var með borð í hádeginu 4 daga í viku og tók þá daga vinastundir. Sá um að kynna farfuglana. Skipulagði og stjórnaði gróðursetninga vinnu með börnunum. Skipulagði og sinnti sérþjónustu. Tók við sem verkefnastjóri með tákni með tali á vorönn.

Þórdís leik og grunnskólakennari kom nokkra fimmtudaga á vorönn.

Ólöf sérkennari kom nokkra miðvikudaga á vorönn.

Barnafjöldi

Börnin voru 17 í byrjun skólaárs, barnahópurinn endaði í 24 um vorið.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda

Opið á milli deilda/deildarugl einu sinni í viku. Afmælisamvera var einu sinni í mánuði. Samsöngur var einu sinni í viku. Oft samvera á útileiksvæði.

Starfið

Gildin okkar virðing, vellíðan, samvinna og metnaður endurspegla allt starf okkar á deildinni sem og markmið námssviða leikskóla, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi.

Frjálsi leikurinn er ávallt í forgrunni, hann veitir frelsi til athafna, tjáningar og flæðisástands. Við vinnum eftir hugmyndafræði John Dewey, „learning by doing“ þar sem börnin fá tækifæri til að gera tilraunir með eigin hugmyndir upplifanir og reynslu. Við vinnum eftir hugmyndafræði Caroline Pratt um opin efnivið. Einingakubbar Caroline eru gott dæmi um opin efnivið. Við vinnum eftir hugmyndafræði Gardners um fjölgreindarkenninguna, öll erum við sterk á ólíkum sviðum. Við leggjum rækt við þau svið sem eru sterk og notum til að styðja við önnur svið.

Hópastarf

Hver árgangur valdi sér nafn á hópinn sinn. Að þessu sinni voru það Krókódílahópur, Mömmuhópur og Hákarlahópur sem urðu fyrir valinu hjá barnahópnum. Megininntak hópastarfsins er: félagsfærni, vinátta, hreyfing, sköpun, lýðræði, útinám, göngutúrar, grænfánaverkefni og könnunarverkefni. Könnunarverkefni þessa skólaárs voru eldfjöll, fiðrildi og hundar. Hópatímar voru einu sinni í viku.

Læsi

Við búum börnunum læsishvetjandi umhverfi með góðu aðgengi að bókum og efnivið. Við vinnum með gæðatexta, þulur, vísur, söngva, spyrjum spurninga og gerum ritmálið sýnilegt. Orðaforði er undirstaða læsis og þess vegna reynum við að baða börnin í næringaríkum orðaforða með því að setja orð á athafnir, umhverfi, reynslu, upplifanir og tilfinningar. Við lesum daglega fyrir börnin og örvum hljóðkerfisvitundina með ýmsum leikjum og æfingum.

Vinastundir/málörvunahópar

Börnin fóru í Vinastundir á hverjum degi en rauði þráðurinn í þeim var málörvun og boðskipti. Við skiptum börnunum í litla hópa(3-5) Þessar stundir voru ca 20-30 mínútur á hverjum degi. Umgjörð og verkefni þessara stunda var unnin í **þróunarverkefninu okkar snemmtæk íhlutun-mál og læsi.**

Bína/boðskipti

Við unnum markvisst með að styrkja boðskiptafærni hjá börnunum og til þess notuðum við bækurnar um Bínu bálreiðu og Bína fer í leikskóla eftir Ásthildi talmeinafræðing. Lásu efnið, gerðum myndir og veggspjöld sýnileg fyrir börnin. Einnig höfðu starfsmenn þessar myndir í hálsbandi um hálsin svo við gætum brugðist fljótt við og í öllum aðstæðum að sýna barninu hvaða hegðun væri verið að ætlast til af þeim. En með þessari vinnu voru börnin að æfa sig í að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, stopp, skiptast á og muna.

Blær

Í vetur unnum við lítillaga með Blæ bangsa sem er á vegum Barnaheilla og er forvarnarverkefni um einelti. Hefðum viljað sinna þessu verkefni ýtarlegra.

Tónlistartímar

Öll börn fengu einu sinni í viku í litlum hópum skipulagðar tónlistarstundir undir stjórn Ögu. Við vorum allar sammála að þessar stundir væru skemmtilegar og dýrmætar fyrir börnin. Reyndum alltaf að halda þeim þó það væri mannekla í húsi.

Danskennsla

Við fengum danskennslu í vetur sem vakti lukku eins og alltaf og voru öll börnin á deildinni virk að taka þátt. Í lokin var haldin sýning fyrir foreldra.

Grænfánaleikskóli

Unnum áfram með þemun hnattrænt jafnrétti, lýðheilsa, neysla og úrgangur.

Skráningar

Hljóm-könnun fyrir hljóðkerfisvitund. Tras fyrir félagsproska og málproska. Mio fyrir stærðfræði. Náandarhringurinn til að meta samskipti starfsfólks og barna. Tökum mikið af myndum/myndbönd sem eru skráningar af starfinu okkar. Félagsfærnessögur.

Upplýsingaflæði

Við notum **Karellen** til að koma skilaboðum á framfæri, skrá mætingu barnanna, hversu vel þau borða og svefn. Deildarstjóri sendi tölvupósta á foreldra með fréttir af starfinu ca 2 í mánuði og Aga setti saman nokkur myndbönd af starfinu okkar. Einnig gerði Aga dásamleg myndbönd af útskriftarhópnum. Við vorum virkar að skrifa á upplýsingatöfluna í fataherberginu. Starfsfólk í lok dags reyndi alltaf að hafa tíma í smá spjall við foreldra og passaði upp á að koma skilaboðum til skila á foreldra ef svo bar undir. Ef barn meiddi sig í leikskólanum og það sást á því þá hringdum við í foreldra og létum vita. Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu og minntum reglulega á að foreldrar gætu leitað til okkar ef eitthvað væri.

Útielddhúsið

Héldum áfram að útbúa útielddhúsið og að safna búsáhöldum. Það var ánægjulegt hversu útielddhúsið var mikið notað á skólaárinu. Búið að kaupa langa vatnsslöngu svo við eigum auðveldara með að nálgast vatn.

Sumarstarfið

1. júní byrjuðum við með fjölbreytt sumarstarf og færðum starfið enn meira út. Hver starfsmaður bar ábyrgð á ákveðnum verkefnum á ákveðnum degi.

Lokaorð

Skólaárið fór yndislega af stað, rólegt var á deildinni og börnin höfðu gott rými þar sem börnin voru bara 17 í byrjun. Í október fór að fjölga af börnum á deildinni og enduðu þau í 24. Deildin þyngdist smá saman með fjölgun barna þar af leiðandi þrengra um barnahópinn líka þar sem óvenju stór hluti af barnahópnum þurfti á auknum stuðningi að halda. Í byrjun árs 2024 var deildin orðin mjög þung.

Starfsfólkið lagði sig allt fram og reyndi að vinna þétt og vel saman en þetta var bara orðið allt of þungt fyrir okkur þar sem enn var metnaður að vilja bjóða upp á gott og faglegt starf fyrir börnin í

Hvalfjarðarsveit. Um vorið fengum við tvo auka starfsmenn á deildina til að létta á mjög lúnu starfsfólki og að geta sinnt sérkennslunni betur.

Einnig var mikið um veikindi hjá starfsfólki sem gerði starfið enn þyngra.

Við starfsfólkið á deildinni vorum sammála um að við hefðum hreinlega ekki komist í gegnum þennan vetur nema því við unnum vel saman á hlátur, gleðina og kærleika.

Hverjir eru bestir! SKÝJABORG

Kærleikskveðja frá öllum á Regnboganum,

Bára deildarstjóri og allir á Regnboganum

Deildarskýrsla Dropans 2023-2024

Grunnupplýsingar

Haustið fór af stað með 11 börnum þar af 2 í aðlögun. Vorið var mikill aðlögunartími, börn sem færðust yfir á Regnbogann og ný komu inn á Dropann. Við sumarlokun voru 13 börn á deildinni.

Starfsmenn á Dropanum

- Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir- deildarstjóri 100%
- Árdís Hauksdóttir- leiðbeinandi 100% staða, aðstoð við daglegt starf.
- Helga María Guðmundsdóttir- leiðbeinandi í afleysingum 57% staða.
- Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir- leiðbeinandi 85% og eftir áramót 100% staða.
- Rita Alexandra Trindade Afonso – leiðbeinandi 100% staða- byrjaði í janúar
- Guðrún Magnúsdóttir – leiðbeinandi 34% staða- kom yfir í janúar
- Pála Svanhildur Geirsdóttir – leiðbeinandi 80% staða - byrjaði í mars

Helstu verkefni

Allt skólaárið var lögð áhersla á lestur, virka hlustun og söng á Dropanum. Með þessari vinnu eflist hljóðkerfisvitund, málskilningur, orðaforði eykst, framburður verður betri og minnið þjálfast. Í söngstundum er unnið með aðferðir sem æfa virka hlustun og sameinar hreyfingu, söng, leik og notkun tungumálsins. Eitt af stóru verkefnum vetrarins snéri að því að efla jákvæð samskipti hjá börnunum, félagsfærni, styrkja málvitund þeirra og sjálfsmynd. Við þá vinnu notum við til dæmis boðskiptareglur Bínu til að kenna börnum að:

- Bíða
- Hlusta
- Skiptast á
- Stoppa
- Sitja kyrr
- Muna

Upplýsingaflæði

Dagleg samskipti milli deildar og foreldra fara fyrst og fremst fram í samræðum þegar komið er með börn eða þau sótt. Óskráð regla er sú að starfsmaður sem næstur er barninu gefi sig á tal við foreldra. Í Karellen forritinu eru send smáskilaboð á milli foreldra og skóla ásamt skráningum um mætingu, svefn, matarvenjur og þarfir. Myndir af börnunum og vinnu þeirra er einnig settar þar inn. Við sumar aðstæður hringir deildarstjóri eða annar starfsmaður beint í foreldra ef þess er talið þörf. Í foreldraviðtölum er lögð áhersla á að foreldrar fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins í leikskólanum, um starfsemi og áherslur á deildinni. Foreldrar fá þar einnig svigrúm til að ræða þeirra líðan og væntingar til starfsins. Einnig geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali við skólastjóra eða deildarstjóra.

Útinám

Nánasta umhverfi leikskólans og leikskólalóðin er nýtt til rannsókna og kannana. Í útiveru grípum við tækifæri til að vekja athygli barnanna á dýra-, plöntulífi og því sem augað sér. Veðurfar er síbreytilegt og því mikið notast við að lýsa veðri með tilliti til klæðnaðar hverju sinni. Við þessar aðstæður eykst orðaforði og sjálfshjálp.

Leikurinn

Frjáls leikur er námsleið barnanna á Dropanum og er vettvangur skapandi hugsunar þar sem barnið vinnur úr upplifunum sínum og rannsakar möguleika, þar velur það sér verkefni, hefur samskipti við önnur börn og skapar sér sitt smásamfélag. Börn finna sér alltaf leið til að leika. Þau hafa þörf fyrir að eiga sitt einkalíf í leik og leika á sínum eigin forsendum. Þau prófa sig áfram og læra að treysta á sig og vini sína.

Gildi skólans

Unnið er með gildi leikskólans: virðing, vellíðan, metnaður og samvinna í öllu starfi á Dropanum. Virðing er í öllum samskiptum sem eiga sér stað inni á deild: á milli starfsfólks, í samskiptum starfsfólks við börn og einnig á milli barnanna sjálfra. Lögð er áhersla á gott skipulag sem er sveigjanlegt og hefur áhrif á vellíðan barna og starfsmanna. Sveigjanleiki felst í því að starfið er aðlagð barnahópnum hverju sinni og er það reglulega tekið til skoðunar. Deildarfundir eru haldnir aðra hvora viku og þar setjast starfsmenn niður og ræða sín á milli hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Með því stuðlum við að jákvæðri samræðu og uppbyggingu lærdómssamfélags. Markmið Dropans er að skipuleggja umhverfi barnsins á þann hátt að það örvi forvitni, frumkvæði og samskipti við aðra.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda eru:

- Sameiginleg söngstund á föstudögum kl. 9:30
- Afmælissamvera einu sinni í mánuði
- Deildarugl- opið á milli deilda einu sinni í viku
- Litlu jólin og Öskudagur

Það er mikil samvinna á milli deilda og hefur það fest í sessi að börn fara mikið á milli deilda án þess að það séu skipulagðar stundir. Vegna mikilla samvinu þekkast öll börnin, þau þekkja allt starfsfólk og allt starfsfólk þekkir þau.

Foreldrasamstarf

Á Dropanum er lögð áhersla á góð dagleg samskipti við foreldra. Deildarstjóri situr foreldraviðtöl með foreldrum og fer yfir þroska og vellíðan barnsins. Rætt er meðal annars um: hvernig barninu gengur í leikskólanum, í skipulögðum tímum og í frjálsum leik, um styrkleika barnsins og hvað má leggja meiri áherslu á, um samskipti og tengslamyndun barnsins við önnur börn og starfsfólk. Auk þess eru foreldrar spurðir um væntingar þeirra til leikskólans og líðan þeirra. Nýir foreldrar eru spurðir um aðlögun barna þeirra, hvernig þeim hafi liðið, hvernig gekk og hvort eitthvað hefði mátt gera betur. Deildastjóri tekur saman svör foreldra og kynnir fyrir starfsfólki, síðan er unnið með niðurstöðurnar. Foreldrar geta alltaf óskað eftir öðru viðtali við deildastjóra ef þeir telja þörf á því.

Lokaorð:

Við fórum inn í haustið með fá börn og ekki útlit fyrir mikla fjölgun en eins og leikskólastarfið er þá er það síbreytilegt. Við bættust fleiri yndisleg börn og gott starfsfólk þegar leið á veturinn. Veturinn var mjög þungur á köflum og við sem stóðum vaktina að bugast. Sem betur fer fengum við að auka við starfsmannafjöldann þegar á leið og vinnuaðstæður skánuðu. Á Dropanum er faglegt og gott starfsfólk, yndisleg börn og frábærir foreldrar. Þrátt fyrir það er ég að fara að sigla á önnur mið og er þetta því minn síðasti vetur hér í Skýjaborg. Ég hef lært margt á þessum tíma mínum hér og kem til með að taka ýmislegt með mér á nýjar slóðir.

Elsku þið takk fyrir samveruna, traustið og kærleikann.

Kærleiks kveðja

Sigurros María Sigurbjörnsdóttir, deildastjóri

Skýrsla leikskólasérkennara 2023-2024

Skýjaborg júní 2024

Leikskólasérkennari ásamt skólastjóra, deildarstjórum og sérkennara Heiðarskóla skoðuðu og ígrunduðu hvert barn og mátu þörfina á sértækri íhlutun.

Í haustbyrjun lá fyrir að átta börn þyrftu á íhlutun að halda. Þeim fjölgaði þegar leið á veturinn. Í heild urðu þetta tólf börn.

Einstaklingsnámskrár þar sem notast var við AEPS formið voru unnar.

Markvisst var unnið eftir þeim og eru þær endurmetnar eftir þörfum. Þjálfun fór fram einstaklingslega eða í minni hópum þar sem reynt var að hafa daglega truflun í lágmarki. Leikskólasérkennari sá um að leiðbeina starfsfólki og halda því upplýstu.

Reglulegir teymisfundir voru haldnir með foreldrum þriggja barna.

Eitt barn fór inn í farsældina og í vinnslu er að koma öðru barni þar inn.

Sérkennari sem koma átti á deildina einu sinni í viku og þjálfar börnin var í leyfi. Leikskólasérkennari sá því alfarið um einstaklingsþjálfun þar til í lok mars, þá kom hann aftur inn.

Leikskólasérkennari sá alfarið um Hljóm-könnun og aðstoðaði deildarstjóra við TRAS og MIO skráningar.

Eftir Hljóm-könnun í haust kom í ljós að eitt barn var með mjög slaka færni og þurfti því að þjálfra alla þætti hljóðkerfisvitundar þess. Eftir áramótin bættust við tvö ný börn í skólann sem þurftu á frekari íhlutun og þjálfun varðandi hljóðkerfisvitund, framburð og félagsfærni.

Talmeinafræðingur kom sex sinnum á hvorri önn og fengu ellefu börn aðstoð hans. Leikskólasérkennarinn sá um þjálfun á milli heimsókna. Örfundir voru haldnir þegar þörf var á varðandi verklag og vinnu. Talmeinafræðingur skilað dagsverki sínu og athugasemdum með tölvupósti til okkar, og foreldra þegar átti við, mjög gott fyrirkomulag. Leikskólasérkennari sat skilafundi með talmeinafræðingi ásamt deildarstjóra.

Sálfræðingur kom eftir þörfum og fengu sex börn aðstoð hans. Leikskólasérkennari sat skilafundi með sálfræðingi og foreldrum og fylgdi málefnum þeirra barna eftir.

Iðjuþjálfari kom eftir áramót og skoðaði fimm börn, í kjölfarið fengu foreldrar og starfsfólk leiðbeiningar um þjálfun.

Um áramótin voru verkefni orðin afar íþyngjandi þar sem fylgja þurfti tveimur börnum eftir í öllum aðstæðum. Óskað var eftir auka stuðning inn á deildina. Eftir úttekt frá MSHA voru ráðnir inn tveir starfsmenn. Sett var upp þjálfunarplan og skráningarlisti fyrir þjálfu. Reglulegir teymisfundir voru haldnir með þeim þar sem farið var yfir framvinduna og framhaldið.

Náið samband og samvinna var við heimili barna sem fengu íhlutun.

Öll gögn voru sett í möppu og merkt viðkomandi einstaklingi. Verkefni hvers tíma var skráð á skráningarblað í möppu og flest verkefni sem börnin unnu fóru einnig í möppuna, og fá börn sem útskrifast þau með sér heim að vori.

Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari

7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Hér fyrir neðan er farið yfir daga og viðburði á skólaárinu þar sem skólastarfið er brotið upp, í Skýjaborg annars vegar og í Heiðarskóla hins vegar.

Skýjaborg

Hér fyrir neðan er farið yfir helstu árlegu viðburði í Skýjaborg. Leikskólastjóri gerir mánaðardagatal fyrir hvern mánuð í samstarfi við deildarstjórana. Dagatal er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum og sett inn á heimasíðu skólans.

Foreldraviðtöl: Boðið var upp á tvö foreldraviðtöl yfir veturinn, í október og mars. Foreldrar geta ávallt sóst eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra eða leikskólastjóra til þess.

Dagur læsis 8. september: Bækur sérstaklega velkomnar og þær skoðaðar og sumar lesnar.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september (haldin föstudaginn 15. september): Í tilefni hans fóru börn og starfsfólk í göngutúr um hverfið, léku sér á Vinavelli og fengu sér ávaxtabita og vatn.

Kynningarfundir að hausti (Dropinn 19. sept og Regnboginn 20. sept): Deildarstjórar fóru yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

FAST hetjur: Lærðu hvernig þú getur barist gegn slagi: Féll því miður niður.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum 20. okt. sýndum við samstöðu, klæddumst bleiku og höfðum bleikt í fyrirúmi.

Umferðarvika 17.-21. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá máttu börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum. Haldið var náttfataball.

Hrekkjavaka: Búningadagur 3. nóv í tilefni Hrekkjavöku.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóv: Horfðum á myndbönd frá Vöndu Sig. með elsta árgangi. Héldum upp á afmæli Blæ.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. Héldum upp á afmæli hans Lubba. 3. bekkur kom í heimsókn og las fyrir börnin þann 15. nóvember. Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur kom og las fyrir börnin þann 16. nóv.

Kveikt á jólatrénu, 30. nóvember: Börn og starfsfólk fóru og tendruðu ljósin á jólatrénu á Vinavelli. Við gengum í kringum jólatréð og sungum nokkur jólalög. Eftir að búið var að kveikja á jólatrénu bauð sveitarstjóri og starfsfólk stjórnslu upp á mandarínur.

Smákökubakstur 5. des og piparkökur skreyttar 6. des: Börn og starfsfólk hjálpuðust að við skera út piparkökur í ýmsum stærðum og gerðum. Börnunum var boðið að koma með kökukefli, piparkökuform og svuntu að heiman og nýttu einhverjir sér það.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Krókódílahópur var með atriði á Fullveldishátíðinni þann 30. nóv ásamt 1. bekk.

Foreldrakaffi: Í upphafi aðventu þann 8. desember héldum við foreldrakaffi í lok dags, kl. 14:15 (á föstudegi). Meðal annars var boðið upp á afrakstur smákökubakstursins.

Leikrit: Í kringum aðventuna höfum við fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Að þessu sinni var það einleikurinn *Jólakötturinn og dulafulla kistan* sem kemur frá Leikhópnum Vinir. Sýningin var 1. desember.

Jólafatadagur: Einn dag í desember voru allir hvattir til að mæta í jólalegum fötum (ekki sparifötum). Öll börn á Regnboganum fengu síðerma bol með jólamyndum að gjöf frá einum dreng. Bolirnir voru mikið notaðir af börnunum.

Litlu jólin: Voru haldin 13. desember. Þá hittumst við saman á Regnboganum, sungum jólalög og dönsuðum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn var hátíðarmatur.

Bóndadagskaffi 26. janúar: Boðið var í kallakaffi í tilefni bóndadags. Öll velkomin.

Þorrinn: Á þorranum æfa börnin þorralög og einn dag var haldið þorrablót. Á þorranum var rafmagnslaus dagur haldin 9. febrúar.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Dagur leikskólans er haldin hátíðlegur ár hvert þann 6. febrúar. Börnin útbjuggu hljóðfæri og fóru í skróðgöngu um hverfið. Í nónhressingu var vöfflukaffi í tilefni dagsins.

Bolludagur 12. febrúar: Boðið var upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómabollur í kaffitíma. Sum börnin gerðu bolluvendi og fóru með heim.

Sprennidagur 13. febrúar: Boðið var upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 14. febrúar: Allir máttu koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá komu allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (snakkið úr pappakassanum) og haldið var ball.

Konukaffi 23. febrúar: Boðið var í konukaffi í tilefni konudags. Öll velkomin.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði stöðvar á Regnboganum og elstu krökkunum á Dropanum var boðið með.

Tannverndarvika 18.-22. mars: farið var yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Dans: Jóhanna danskennari kom og hafði 5 danstíma fyrir hópinn í mars. 5. skiptið var opinn tími þar sem foreldrum var boðið að koma og fylgjast með.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (héldum upp á hann 24. apríl): Öll fóru saman út að tína rusl. Hjálpast að við að flokka ruslið í viðeigandi tunnur. Gaman að sjá hvað hverfið okkar er hreint og lítið af rusli.

Vorskóli elstu barna: 6., 7. og 8. maí var útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fóru börnin með skólarútunni að heiman, sóttu Heiðarskóla þrjá heila daga og komu ekkert í leikskólann.

Umferðarvika 13.-17. maí og hjóladagur 17. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag í þeirri viku.

Sveitaferð 22. maí: Farið var í sveitaferð að Hvítanesi að þessu sinni. Bændurnir Margrét og Marínó tóku vel á móti okkur. Við fengum að sjá hæurnar og kalkúnana. Við fórum í fjósið og sáum nautin og kálfana og fengum að gefa þeim brauð. Við fórum í fjárhúsið, skoðuðum lömbin og þau börn sem vildu fengu að halda á lambi. Þar var einnig kýr með tvíburakálfa og fengum við að klappa öðrum. Farið var í göngutúr, fundum anda-, gæsa- og tjaldahreiður, hlupum í fjörunni og þeir sem vildu fóru aðeins að vaða í stígvélunum. Ýmsir fjársjóðir fundust í fjörunni. Í hádeginu grilluðum við pylsur og fengum djús að drekka með.

Útskrift 23. maí og vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins: Útskrift var haldin 23. maí og er það orðin hefð hjá okkur að vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins hefjist strax í framhaldi af útskriftarathöfninni. Undir stjórn tónlistarkennara var útskriftarhópurinn með tónlistaratriði. Eftir útskrift fóru allir út á vorhátíð. Í garðinum var hoppukastali, sápukúlur o.fl. Boðið var upp á pylsur. Máni kom og spilaði og söng.

Útskriftarferð, 30. maí: Útskriftarhópurinn fór í útskriftarferð á Akranes. Farið var í skógræktina, heimsókn heim til kennara, Galito, bókasafnið og svo endaði dagurinn á slökkvistöðinni: **Heimsókn á Slökkvistöðina 30. maí:** Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar bauð elsta árgangi í heimsókn á

slökkvistöðina í lokahóf verkefnisins *Slökkviliðið mitt – Aðstoðarmenn slökkviliðsins*. Útbúið var „leiksvæði“ fyrir börnin þar sem heilmikið var sulað og börnin fengu tækifæri til að prófa búnað slökkviliðsins. Börnin blotnuðu heilmikið og skemmtu sér mjög vel.

Vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu: Vorsýning var haldin í Stjórnsýsluhúsinu. Opnun 31. maí og stóð til 18. júní.

Sumardagskrá Skýjaborgar: Hefð hefur myndast að útbúa sumardagskrá í júní fram að sumarlokun með uppbrotsdögum og öðruvísi fjöri í garðinum.

Söngstundir: Haldnar voru vikulegar söngstundir undir stjórn tónlistarkennara. Þá kom leikskólinn saman, söng nokkur lög saman og dansaði. Einu sinni í mánuði var afmælisamvera. Þá var einnig sungið fyrir afmælisbörn mánaðarins og eitthvað í boði, s.s. saltstangir eða ber.

Deildarugl: Var haldið einu sinni í viku. Þá er opið á milli deilda, börn leika sér saman þvert á deildir. Það datt þó eitthvað niður í aðlögun á vorönn.

Mannekla: Tvö börn voru send heim 17.1.2024 vegna manneklu og einnig voru aðrir beðnir að sækja fyrir ef þau hefðu möguleika á. Leikskólinn lokaði 16:00 þann 29.2.2024 og foreldrar beðnir að sækja 15:00 eða fyrir ef þeir hefðu tók á.

Heiðarskóli

Skólasetning 21. ágúst: Skólastjóri sagði frá komandi skólaári og setti skólann í 58. sinn. Teknar voru hópmyndir af hverju og einu stigi. Námshópar hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentar stundatöflur. Að athöfn lokinn var boðið upp á kaffiveitingar.

Haustferðir 24. ágúst: Yngsta stig fór í Ölver, miðstig fór í Skorradal og sund í Borgarnesi og unglingastig gekk Síldarmannagötur og gisti yfir nótt í Skátaskálanum í Skorradal.

Miðstigsleikar í Borgarnesi 31. ágúst: Nemendur á miðstigi tóku þátt með samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Dagur læsis 8. september: Hvert og eitt stig vann verkefni í tilefni dagsins.

Dagur íslenskrar náttúru 15. september: Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi, lögð áhersla á náttúruupplifun og samveru.

Smiðjur unglunga – alls 4 á skólaárinu. Unglingar lengur í skólanum og gátu m.a. valið um íþróttir, heimilisfræði, keilu, pílukast, Skýjaborgarsmiðju og skyndihjálparnámskeið.

Einstaklingsviðtöl við nemendur í september: Umsjónarkennarar tóku einstaklingsviðtöl við hvern og einn nemanda, áhersla á markmiðssetningu.

Langur dagur og fræðsluerindi 5. október: Nemendur eftir í skólanum. Nemendur á mið- og unglingastigi fengu fræðsluerindi frá Þorgrími Þrínssyni. Foreldrar mættu í hús kl. 15:30 og Þorgrímur fluttu erindið Hvert einasta barn er fjársjóður – Þitt framlag og faðmlag og þinn AGI skiptir máli. Félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar kynnti farsældarþjónustu í Hvalfjarðarsveit. Að lokum var boðið upp á kaffi.

Kartöflur: Yngsta stig tók upp kartöflur.

Olympíuhlaup ÍSí: Nemendur hlupu ýmist 2,5 eða 5 km.

Umhverfispema 2. – 6. október: Hnattrænt jafnrétti var þema skólaársins. Nemendur unnu fjölbreytt og skemmtileg verkefni tengdu þemanu. Aldursblönduð stöðvavinna á lokadegi.

Foreldraviðtöl 19. október: Börn og foreldrar mættu í viðtal hjá umsjónarkennara.

Skólabúðir á Úlfjótuvatni 13. – 17. nóvember: Nemendur í 9. bekk dvöldu í skólabúðum með nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Í tilefni dagsins mætti Arndís Þórarinsdóttir og las upp fyrir nemendur skólans úr bók sinni Mömmuskipti.

23. nóvember: Upplestur á TEAMS í boði Bókafélagsins. Hlynur Þorsteinsson las upp úr bókinni Ofurskrímslið eftir David Williams fyrir nemendur.

Fullveldishátíð 30. nóvember: Nemendur á yngsta stigi ásamt börnum úr Krókóðílahópi sungu og léku á trommur. Nemendur á unglingastigi fluttu leikrit. Kaffiveitingar að sýningu lokið.

Eldvarnarfræðsla 1. desember: Tveir slökkviliðsmenn heimsóttu nemendur í 3. bekk og voru með eldvarnarfræðslu.

5. desember: Jólabíngó Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

7. desember: Jólaföndurstöðvar

15. desember: Jól morgunfundur, söngur og morgunkaffi. Foreldrum, frændum, frænkum, ömmum, öfum og systkinum boðið.

20. desember: Litlu jólin haldin hátíðleg. Jólball, stofujól og hátíðarmatur. Möndluverðlaun fyrir hvert stig.

17. janúar: Nemendur á mið- og unglingastigi í vettvangsferð í Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Miðstig fór einnig á skauta.

Foreldraviðtöl 29. janúar: Nemendur voru vel flestir sjálfir búnir að undirbúa viðtalið og stýrðu því. Áhersla á lykilhæfni.

Þorrablót 1. febrúar: Nemendur söfnuðust saman í matsalnum, sungu saman nokkur lög og hvert og eitt stig var með leik. Eftir samveruna var boðið upp á Þorramat.

Skólabúðir á Reykjum 5. – 8. febrúar: Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðirnar og unnu fjölbreytt verkefni ásamt nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.

8. febrúar: Vika 6, unglingar tóku þátt með unglingum á Akranesi, annars vegar í Brekkubæjarskóla og hins vegar á Jaðarsbökkum.

Öskudagur 14. febrúar: Búningadagur í skólanum, nammistöðvar og hæfileikakeppni.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Hvert og eitt stig vann spennandi stærðfræðiverkefni.

Danskennsla í febrúar- mars: Jóhanna danskennari kom og kenndi dans. Danssýning fyrir foreldra barna í 1. – 7. bekk í lok námskeiðs. Unglingar völdu að taka ekki þátt í sýningunni.

Árshátíð Heiðarskóla 21. mars: Nokkrar hljómsveitir skipaðar nemendum úr 4. – 7. bekk fluttu fjölbreytt og skemmtileg lög. Kaffihlaðborð í boði foreldra í 7. – 10. bekk eftir sýningu.

7. apríl: Upplstrarhátíðin í 7. bekk.

Stóra upplestrarkeppni samstarfsskólanna 16. apríl: Að þessu sinni fór keppnin fram í Auðarskóla og fulltrúi Heiðarskóla sigraði keppnina. Þátttakendur stóðu sig allir með stakri þryði.

Skólahreysti 17. apríl: Fjórir nemendur skólans tóku þátt.

Fjölmenningsþema 15. – 19. apríl: Menningu 9 landa sem tengjast nemendum skólans gert hátt undir höfðin í aldursblönduðum nemendahópum. Sýning í lok þemaviku. Foreldrar lánuðu muni, lögðu til uppskriftir eða mættu með þjóðlega rétti á sýninguna.

Tæknimessa: Nemendur í unglingadeild kynntu sér alls kyns tækni ásamt jafnöldrum á Vesturlandi í Fjölbrotarskólanum á Akranesi.

Dagur umhverfisins 26. apríl: Umhverfisráðstefna í upphafi dags. Andri Snær Magnason flutti áhugavert erindi um umhverfismál og hvatti nemendur til að hugsa til framtíðar og finna nýjar leiðir. Umhverfisnefnd skólans flutti stutt erindi um verðgildi óskilamuna. Tiltekt og hreinsun í nærumhverfinu eftir ráðstefnu. Grillpinnar í matinn og allir borðuðu úti.

Lyngbrekkuball 23. apríl: Að þessu sinni sá Auðarskóli um að halda Lyngbrekkuballið fyrir nemendur í 8. – 10. bekk samstarfsskólanna.

Vorskóladagar og starfskynningar 6. – 8. maí: Elsti árgangur Skýjaborgar mætti með skólabílum í skólann og tók þátt í skólastarfinu samkvæmt stundaskrá. Nemendur í 1. - 9. bekk æfðu sig fyrir komandi skólaár með því að færast upp um bekk. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningar.

Hjóladagar í maí: Þeir nemendur sem vildu mættu með hjól, línuskauta eða hlaupabretti og fengu að nota á skólatíma.

Survivordagur 24. maí: Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi. Áður hafði nemendum verið skipt upp í aldursblönduð lið sem fengu það hlutverk að hanna brú, útbúa sprellatriði og velja nafn á hópinn sinn. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni í skóginum. Grillaðir hamborgarar í matinn.

Vorferðir: Yngsta stig fór á Byggðasafnið og í Skógræktina á Akranesi. Miðstig fór á sýningu í Perluna og í sund í Lágafellslaug. Unglingastig fór í tveggja náttu ferð í Heydal á Vestfjörðum, unglingarnir fóru m.a. á hestbak og í kajaksiglingu.

Gróðursetningardagur í maí: Settar voru niður kartöflur og settur áburður og reitt frá trjágróðri norðan við skólann. Ekkert var gróðursett af trjám þetta vorið þar sem við áttum ekki plöntur í uppeldsireitnum okkar. Stendur til að panta trjáplöntur frá Yrkjusjóði í haust.

Unicef – hreyfingin 10 maí: Þríþætt verkefni í samstarfi við Unicef sem snýr að réttindafræðslu, hreyfingu og fjáröflun. Fjáröflunarhlutinn er valfrjáls.

Íþróttadagur 30. maí: Nemendur tóku þátt í fjölbreyttum íþróttum og valinn var stigahæsti nemandinn úr hverjum bekk, stigahæsti bekkurinn og stigahæsti nemandi skólans. Töltkeppni féll niður þetta skólaárið vegna dræmrar skráningar.

Útskrift 10. bekkinga og vorhátíð Heiðarskóla og foreldrafélagsins 31. maí: Nemendur í 1. – 9. bekk mættu ásamt foreldrum og hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentan vitnisburð vetarins. Eftir afhendingu vitnisburðar stóð til að vera með vorhátíð á skólalóðinni en vegna veðurs var það ekki mögulegt. Þess í stað var boðið upp á grillaðar pylsur, frostpinna og candy floss innandyra. Hoppuköstulum verður frestað til skólasetningar í haust. Eftir vorhátíð mættu nemendur í 10. bekk ásamt nánustu aðstandendum á útskrift. Hátíðarkvöldverður að lokinni útskrift.

Óveðursdagur: Enginn óveðursdagur var á skólaárinu. Tveir dagar voru skertir vegna veðurs. Annan daginn mættu nemendur í hús kl. 10:00 og hinn daginn var keyrt heim kl. 11:00 vegna slæmrar veðurspár.

Tónlistarskólinn á Akranesi: Tónlistarskólinn á Akranesi hélt úti kennslu í Heiðarskóla. Kennt var á gítar og píanó. Af og til voru haldnir hádegistónleikar í matsal skólans á vegum Tónlistarskólans.

Morgunsöngur: Morgunsöngur þar sem allir nemendur skólans hittust í matsalnum og sungu saman var að jafnaði einu sinni í mánuði.

8 Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla á foreldraráð að starfa í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Samkvæmt lögum má sameina þessi tvö ráð í sameinuðum skóla og var það gert í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar árið 2011. Starfsáætlun og helstu verkefni skólaráðs má finna í skólanámskránni og einnig heimasíðu skólans:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Skólastjórar sitja í skólaráði og boða til funda þrisvar sinnum á ári. Auk skólastjóra sitja í skólaráði þrjár fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi almennra starfsmanna, tveir fulltrúar barna og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Skólastjórar hvetja foreldra til að bjóða sig fram til setu í skólaráði haust hvert. Ef ekki tekst að fá fulltrúa foreldra með því móti sér stjórn Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar um að velja þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði.

Í skólaráði 2023-2024 eru:

- Ásdís Björg Björgvinsdóttir, fulltrúi foreldra í Skýjaborg
- Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
- Ingibjörg Halldórsdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Katrín Rós Sigvaldadóttir, náms- og starfsráðgjafi og fulltrúi kennara í Heiðarskóla
- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla
- Sigríður Vilhjálmsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna í Heiðarskóla
- Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari og fulltrúi kennara í Skýjaborg
- Sunna Rós Svansdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Oddur Ottesen, fulltrúi nemenda í 9. bekk
- Mattías Bjarni Ómarsson, fulltrúi nemenda í 10. bekk

Starfsáætlun skólaráðs:

- 1. fundur (september – október): Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs, starfsáætlanir kynntar, farið yfir skólareglur. Upphaf skólaársins rætt. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá árinu áður lögð fram. Tillögur ráðsins fyrir fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs lagðar fram. Önnur mál er tengjast skólastarfinu.
- 2. fundur (febrúar – mars): Ýmis mál er tengjast skólastarfinu, farið yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs.
- 3. fundur (apríl – maí): Farið yfir starfsmannapörf skólans fyrir næsta skólaár og farið yfir breytingar ef þær liggja fyrir á þessum tímapunkti. Starfsáætlanir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar komandi skólaárs kynntar og lagðar fram til samþykktar.

Verkefni skólaráðs eru að:

- Fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir er varða skólastarfið.
- Fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefa umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Taka þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð barna.
- Fjalla um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- Fjalla um erindi frá fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrafélagi, kennarafundum, almennum starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veita umsögn sé þess óskað.
- Taka þátt í öðrum verkefnum á vegum fræðslunefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra barna, foreldra eða starfsfólks skóla.

Fundargerðir skólaráðs má finna á slóðinni, en þriðji fundur vetrarins féll niður að þessu sinni: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í stjórn foreldrafélagsins sitja almennt 6 foreldrar, þrjár fulltrúar grunnskólans og þrjár fulltrúar leikskólans, auk tveggja starfsmanna af sitthvoru sviðinu.

Í aðalstjórn foreldrafélagsins 2023 - 2024 eru:

- Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir - formaður
- Diljá Marín Jónsdóttir
- Erna Elvarsdóttir
- Fanney Rún Ágústsdóttir – gjaldkeri
- Ríkhartur Þór Guðfinnsson
- Sigrún Bára Gautadóttir – ritari

Áheyrnarfulltrúar

- Heiðarskóli: Hildur Jónsdóttir
- Skýjaborg: Bára Tómasdóttir

Varastjórn:

- Bára Tómasdóttir

Foreldrafélagið fundaði reglulega á skólaárinu og má finna fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/foreldrafelag>

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum.